

Nd.

412. Frumvarp til laga

[205. mál]

um Kennaraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

I. KAFLI

Tilgangur, deildaskipting, námskröfur og réttindi.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands skal búa nemendum sína undir kennslustörf í skólum þeim, sem þessi lög mæla fyrir um, og enn fremur undir nám í sérkennaraskólum og háskólum.

Skólavistin á að veita nemendum tilskilda þekkingu og leikni, stuðla að líkamlegri og andlegri heilbrigði þeirra og venja þá við sjálfstætt nám og hagnýtingu þess við kennslu.

2. gr.

Í skólanum starfa þessar deildir:

1. **Almenn kennaradeild**, fjögurra ára nám, sem endar með almennu kennaraprófi og veitir kennararéttindi í barna- og unglingskólum landsins.

2. **Kennaradeild stúdenta**, þar sem námi lýkur með almennu kennaraprófi. Nemendur í þeirri deild skulu ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í uppeldisgreinum, svo og í þeim greinum kennaranámsins öðrum, sem ekki eru kenndar til almenns stúdentsprófs.

3. **Menntadeild**, er taki til starfa eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku laga þessara. Lokapróf úr menntadeild er stúdentspróf, og veitir það réttindi til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum hans og reglugerð. Námskröfur til stúdentsprófs frá Kennaraskóla Íslands skulu sambærilegar kröfum til stúdentsprófs menntaskólanna, þó þannig, að heimilt er að láta próf í uppeldis- og kennslufræðum frá almennu kennaradeildinni gilda til stúdentsprófs og fella þá niður, innan takmarka, sem ákveðin eru í reglugerð, annað námsefni sem því svarar, á svipaðan hátt og gert er um sérgreinar í mála- og stærðfræðideildum menntaskólanna.

4. **Framhaldsdeild**, er veiti nemendum kost á framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Skulu þeir þá stunda nám í eigi færri greinum en þrem, og sé ein þeirra aðalgrein. Sett skulu ákvæði um próf að afloknu þessu framhaldsnámi. Heimilt er starfandi kennurum að leggja stund á einstakar greinar þess framhaldsnáms, sem efnt verður til samkvæmt þessum ákvæðum, eftir frjálsum vali, og ljúka í þeim tilskildum prófum.

5. **Undirbúningsdeild sérnáms**, tveggja ára nám, sem býr nemendur undir kennaranám í sérgreinum, svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, hús-

mæðrafræðslu, og önnur uppeldisstörf, hvort heldur sérnámið fer fram í Kennaraskólanum eða annars staðar.

6. Handavinnudeild, sem veitir sérmenntun í handavinnu karla og kvenna og sér nemendum fyrir æfingum í að kenna þær. Enn fremur sér hún nemendum í öðrum deildum Kennaraskólans fyrir kennslu í handavinnu og kennsluæfingum í þeirri grein. Námsstími í handavinnudeild er tvö ár. Þeir, sem útskrifast úr deildinni, öðlast réttindi til að kenna handavinnu í barnaskólum og framhaldsskólum.

Þeim, sem stunda nám í undirbúningsdeild sérnáms, er skylt að ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í 1—3 bóklegum greinum, enda öðlist þeir í þeim kennararéttindi, að því tilskildu, að þeir ljúki kennaraprófi í sér-grein.

Auk þessara sex deilda starfa í sambandi við Kennaraskólann, þegar svo er ákveðið, sérdeildir í framhaldi af undirbúningsdeild, sem veita, að loknu tveggja ára námi, réttindi til kennslu í sérgreinum í barnaskólum og framhaldsskólum.

Námsstími í hverri deild skólans skal eigi vera skemmri en 8 mánuðir á ári.

Kennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara og aðra æskulýðs-leiðtoga, þegar henta þykir og fé til þess er fyrir hendi.

3. gr.

Þeir nemendur, sem ætla sér að verða smábarnakennarar fyrst og fremst, skulu eiga kost á sérhæfingu til þess. Enn fremur er heimilt að taka upp sérkennslu í fleiri greinum, og skulu nemendur þá í samráði við skólustjóra velja sér aðalgrein, eina eða fleiri.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið, né heldur verulegan málgalla eða líkamslýti, sem geri hann óhæfan til kennslustarfa.
2. að nemandi sé óspilltur að siðferði.
Lágmarksaldur til inntöku má ákveða í reglugerð.

5. gr.

Rétt til inngöngu í I. bekk hinnar almennu kennaradeildar veitir:

1. Landspróf miðskóla með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð um miðskólapróf í bóknámsdeild.
2. Fullgilt gagnfræðapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur, svo að tryggt sé, að þeir hafi lokið námi, sem samsvarar námi til landsprófs miðskóla.

Rétt til inngöngu í kennaradeild stúdenta veitir almennt stúdentspróf.

Rétt til inngöngu í menntadeild og framhaldsdeild eiga þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi með fyrstu einkunn 1967 eða síðar. Heimila má þeim, sem lokið hafa slíku prófi fyrir þann tíma, inngöngu í deildina, en vilji þeir þreyta stúdentspróf, skulu þeir ljúka viðbótarprófi, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Rétt til inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða önnur hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem stjórn skólans metur gilda, enda sé nám og prófkröfur fullnægjandi að dómi skólans. Við inntöku skal hafa hliðsjón af sérhæfileikum til þess starfs, sem umsækjandi ætlar að búa sig undir.

Rétt til inngöngu í handavinnudeild eiga þeir, sem lokið hafa námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskólanum, stúdentsprófi eða almennu kennaraprófi.

Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda í allar deildir með hliðsjón af hæfniprófi og öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir þó inntökuskilyrðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.

6. gr.

Aðalviðfangsefni kennaranámsins eru uppeldisgreinarnar: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar.

Í Kennaraskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, dönsku, ensku, þýzku, latínu, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, sálarfræði, uppeldisfræði, skólasögu, kennslufræði, skrift, teiknun, vélritun, handavinnu, íþróttir og fimleikafræði, söng og tónfræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Kennsluæfingar fara fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum eftir því, sem þörf krefur.

7. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok árlegs námstíma. Heimilt er skólastjórn þó að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Próf fjórða bekkjar er almennt kennarapróf og sömuleiðis próf úr kennaradeild stúdenta. Ljúka má námi í einstökum greinum í öðrum bekkjum, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

Kennarar skulu gefa vetrareinkunnir hver í sinni grein, og gilda þær til jafns við prófseinkunnir, þegar reiknuð er út aðaleinkunn.

Við kennarapróf, stúdentspróf og önnur lokapróf skulu vera prófdómendur, skipaðir af menntamálaráðuneytinu.

III. KAFLI

Skólastjórn og kennarar.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólastjórn er skipuð skólastjóra og föstum kennurum skólans ásamt skólastjóra æfingaskólans. Hún tekur ákvarðanir í sérstökum málum, sem varða inntöku nemenda, próf, brottvísun nemenda úr skóla, og í öðrum málum, sem lögð verða fyrir stjórnarfund.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum, er þar um gilda. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Áður en kennari er skipaður, skal leita umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við, að einn kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Menntamálaráðuneytið skipar húsverð, að fengnum tillögum skólastjóra, en skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki ráðuneytisins.

9. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, og sé hver kennslustund 45 mínútur. Að jafnaði skal vera 10 mín. hlé milli kennslustunda. Fækka má kennslustundum í 22, er kennari verður 55 ára, og í 17, er hann verður 60 ára. Fastir kennarar verða yfirkennarar er þeir hafa kennt við skólann fulla kennslu í 16 ár. Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

10. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslu-

stunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

11. gr.

Þá eina má setja eða skipa fasta kennara í bóklegum greinum eða skólastjóra við Kennaraskólann, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa lokið námi í uppeldisgreinum. Aðrir kennarar skólans þurfa ekki að hafa lokið háskólaprófi, en hafi þá menntun í kennslugreinum sínum, sem yfirstjórn skólans metur gilda.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu við skólann, og skal þá ráðuneytið leitast við að fá sem hæfastan mann til að gegna stöðunni til bráðabirgða. Gegni hann stöðunni á fullnægjandi hátt í tvö ár, sem settur, má skipa hann í starfið.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra, sem skipa fastar stöður við Kennaraskólann, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

IV. KAFLI

Æfinga- og tilraunaskóli.

12. gr.

Í sambandi við Kennaraskólann starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurbæjar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraskólinn veitir rétt til að kenna, m. a. skulu kennaraefni njóta leiðsagnar og þjálfunar í kennslu og uppeldi afbrigðilegra barna og kenna sjálfstætt eigi skemur en um þriggja vikna skeið, sem næst 3 kennslustundir daglega.

13. gr.

Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Skólastjóri Kennaraskólans og aðalkennari skólans í uppeldis- og sálarfræði skulu í samráði við skólastjóra æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknarstarfi þessu, og geta þeir kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga, er starfa að svipuðum verkefnum.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar og fræðslumálastjóra.

Stofnkostnaður skólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir $\frac{2}{5}$ hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur $\frac{3}{5}$ hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara og efni til handavinnukennslu.

Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

15. gr.

Stjórn æfingaskólans skipa skólastjóri og fastir kennarar hans ásamt skólastjóra Kennaraskólans. Um samstarf skólanna og verksvið hvors skólastjóra um sig skal ákveða í reglugerð.

16. gr.

Heimilt er skólastjóra æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun og dreifingu kennsluæfinga og eftirlit með þeim, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar, að fengnu samþykki ráðuneytisins.

17. gr.

Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara má ráða til starfa við skólann aðra kennara eftir þörfum, og skal jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við æfingaskólann. Fastir æfingakennarar skulu eigi vera færri en aldursflokkar æfingaskólans, og njóta þeir sömu launakjara og kennarar Kennaraskólans, enda kenni þeir líka við Kennaraskólann eftir því, sem ástæður eru til.

Aðrir kennarar æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að annast, fái þeir sérstaka þóknun, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

18. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Kennaraskólans og æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Nú hefur kennari (skólastjóri) gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef menntamálaráðuneyti og fræðslumálastjóri telja þá greinargerð fullnægjandi, getur ráðuneytið veitt kennaranum (skólastjóranum) ársorlof með fullum launum. Engum skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjóri veitir kennurum, sem þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufla ekki störf skólans eða torveldi þau.

20. gr.

Kostnaður við rekstur Kennaraskólans greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir I., III. og V. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, enn fremur þau atriði í VII. kafla þeirra laga, svo og önnur ákvæði í lögum, sem koma í bág við þessi lög.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginbreytingarnar, sem felast í þessu frumvarpi frá gildandi ákvæðum um Kennaraskóla Íslands, eru:

- 1) að veita skólanum réttindi til að brautskrá stúdenta,
- 2) að koma á fót framhaldsdeild við skólann,
- 3) að stofna undirbúningsdeild fyrir sérkennara,
- 4) aukin æfingakennsla og
- 5) nokkurt kjörfrelsi um námsefni.

Frumvarp þetta er til orðið á þann veg, sem nú verður sagt í fáum dráttum. Hinn 29. febr. 1960 skipaði menntamálaráðherra sjö manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um Kennaraskóla Íslands og semja frumvarp til laga um skólann. Í nefndinni áttu sæti: Freysteinn Gunnarsson, skólastjóri, formaður, Ágúst Sigurðsson, kennari, dr. Broddi Jóhannesson, kennari, Guðjón Jónsson, kennari, Gunnar Guðmundsson, yfirkennari, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri og dr. Simon Jóh. Ágústsson, prófessor.

Hinn 31. ágúst 1960 var Sveinbirni Sigurjónssyni, skólastjóra, bætt í nefndina. Þessi átta manna nefnd lauk störfum í september 1961 og skilaði þá til menntamálaráðuneytisins frumvarpi til laga um Kennaraskóla Íslands, ásamt greinargerð fyrir störfum sínum og frumvarpinu sjálfu. Frumvarp nefndarinnar og greinargerð er prentað hér með sem fylgiskjal I. og II.

Þegar menntamálaráðuneytið hafði haft þetta frumvarp til athugunar og gert á því ýmsar breytingar, varð niðurstaðan sú, að leggja það ekki fyrir þingveturinn 1961—62, heldur fresta því til næsta þings og vinna að ýtarlegri undirbúningi málsins og athugun með sérstöku tilliti til framhaldsnáms kennara og sambands Kennaraskólans við Háskóla Íslands.

Til þessara athugana skipaði menntamálaráðherra 2. júlí 1962 sérstaka nefnd. Í henni áttu sæti Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Ármann Snævarr, rektor Háskóla Íslands, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, Kristinn Ármannsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík og þáverandi skólastjóri Kennaraskólans, Freysteinn Gunnarsson og dr. Broddi Jóhannesson sem varamaður hans. Hann tók fast sæti í nefndinni, eftir að hann var skipaður skólastjóri.

Nefnd þessi ræddi málið og athugaði á allmörgum fundum og gerði ýmsar breytingar á frumvarpinu, og liggur það nú fyrir í þeirri mynd, sem hún gekk frá því.

Þess skal getið, að nefndin fól þeim skólastjórum Kennaraskólans, fyrrverandi og núverandi, ásamt dr. Halldóri Halldórssyni, prófessor, og Guðmundi Arnlaugssyni, menntaskólakennara, að gera tillögur um námsefni, prófkröfur, stundafjölda og annað fyrirkomulag væntanlegrar menntadeildar Kennaraskólans. Tillögur þessar eru prentaðar hér með áorðnum breytingum nefndarinnar sem fylgiskjal III.

Þá lagði rektor Háskóla Íslands málið fyrir háskólaráð, sem óskaði að leita álits einstakra deilda Háskólans áður en því yrði ráðið til lykta í háskólaráði. Að fengnu áliti deildanna, lét háskólaráð í té umsögn sína um frumvarpið og kveðst í meginatriðum geta fallið á þá tilhögun, sem í frumvarpinu felst, að því er varðar tengsl Kennaraskólans við Háskólann, en umsögnin er látin uppi í trausti þess, að hið fyrsta verði stofnað til endurskoðunar á menntaskólanámi í heild sinni. Háskólaráð tekur jafnframt undir breytingartillögur þær, sem heimspekideild gerir við frumvarpið, og tók nefndin síðan þær tillögur flestallar til greina.

Umsögn háskólaráðs og álit deildanna er prentað hér með sem fylgiskj. IV—XII.

Svo sem vænta mátti er álit háskóladeildanna á máli þessu nokkuð sitt á hvern veg. Til þess hefur heldur aldrei verið ætlazt, að stúdentspróf frá Kennaraskólanum veiti aðgang að öllum deildum Háskólans, frekar en t. d. stúdentspróf úr máladeildum menntaskólanna gera nú. Í heild sinni verður að telja afstöðu Há-

skólans til málsins jákvæða, en þess skal getið, varðandi endurskoðun á mennta-skólanámi í heild, að menntamálaráðuneytið hefur hinn 7. marz 1963 skipað nefnd til þeirrar endurskoðunar.

Skal nú hér getið helztu breytinga, sem orðnar eru á frumvarpinu frá því sem það var upphaflega, er það kom frá áttamannanefndinni:

Aðalbreytingin er í 2. gr., en 3. og 4. liður hennar nú koma í stað 3. liðar upphaflega frumvarpsins. Eru hér nánari ákvæði um stúdentsprófið, nýtt nafn, menntadeild, upp tekið, og fastar að öllu kveðið en áður var. Fellt er niður, að nám í framhaldsdeild veiti rétt til náms í B.A.-deild, enn fremur ákvæði um starfsréttindi þeirra, sem lokið hafa framhaldsdeildarprófi eða stúdentsprófi.

Efni V. kafla, um handavinnudeild, er felld inn í 2. og 5. gr. frv. og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.

Í 5. gr. 2. lið eru nánari og fastari skorður settar um inntöku gagnfræðinga í 1. bekk hinnar almennu kennaradeildar en áður var í upphaflega frumvarpinu. Enn fremur eru síðar í 5. gr. sett ákveðin skilyrði fyrir inntöku í menntadeild og framhaldsdeild, auk þess að lokið sé almennu kennaraprófi.

Í 14. gr. er ákvæði um setning og skipun kennara Æfinga- og tilraunaskólans og nánar ákveðið en áður var um stofnkostnað og rekstrarkostnað æfingaskólans.

Í 15. gr. er nýtt ákvæði um að ákveða skuli í reglugerð um samstarf Kennaraskólans og æfingaskólans og verksvið skólustjórnanna hvors um sig.

Í 19. gr. eru tekin upp gildandi ákvæði um orlof kennara.

Í 20. gr. er sett inn ákvæði um, að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um framkvæmd laga þessara. Kemur það ákvæði í stað þess, að allviða í upphaflega frumvarpinu var vísað til væntanlegrar reglugerðar.

Loks er í 22. gr. felld niður, að lögin komi til framkvæmda í einstökum atriðum um svo fljótt, sem við verður komið.

Aðrar breytingar frá upphaflega frumvarpinu verða ekki til tíndar hér, og vísast því að öðru leyti til hinnar almennu greinargerðar, sem því fylgdi (fskj. II), svo og athugasemda við einstakar greinar þess.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands.

I. Tilgangur, deildaskipting, námskröfur og réttindi.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslustörf í skólum þeim, sem þessi lög mæla fyrir um, enn fremur undir nám í sérkennaraskólum og háskólum.

Skólavistin á að veita nemendum tilskilda þekkingu og leikni, stuðla að líkamlegri og andlegri heilbrigði þeirra og venja þá við sjálfstætt nám og hagnýtingu þess við kennslu.

2. gr.

Í skólanum starfa þessar deildir:

1. **Almenn kennaradeild**, fjögurra ára nám, sem endar með almennu kennaraprófi og veitir kennararéttindi í barna- og unglingskólum landsins.

2. **Kennaradeild stúdenta**, tveggja ára nám, sem endar með almennu kennaraprófi. Nemendur í þeirri deild skulu ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í uppeldisgreinum, svo og í þeim greinum kennaranámsins öðrum, sem ekki eru kenndar til almenns stúdentsprófs.

Fyrst um sinn skal stúdentum heimilt að ljúka þessu námi á einu ári, enda sé námstími eigi skemmri en 9 mánuðir.

3. **Framhaldsdeild**, eins árs nám fyrir þá, sem lokið hafa kennaraprófi í almennu kennaradeildinni. Hlutverk þessarar deildar er að veita nemendum kost á

framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Skulu þeir stunda nám í eigi færri greinum en þremur, og sé ein þeirra aðalgrein. Þessu námi lýkur með prófi, og veitir það réttindi til náms í BA-deild Háskólans. Heimilt er að lengja námstíma í þeim námsgreinum í tvö ár.

Heimilt er kennurum að stunda framhaldsnám í þessari deild í einstökum greinum eftir frjálsum vali, eftir því sem ástæður leyfa.

Enn fremur er það hlutverk framhaldsdeildar að búa þá nemendur, sem lokið hafa prófi úr almennu kennaradeildinni og þess óska, undir stúdentspróf og útskrifa þá. Kennarapróf í uppeldisfræði og kennslufræði skal gilda til stúdentsprófs, og má þá sleppa öðru, sem því svarar, í máladeild menntaskóla.

Um nám og námsgreinar til stúdentsprófs kennara, svo og það, hverjar greinar almenna kennaraprófsins skulu hafa stúdentsprófgildi, fer eftir reglum, sem fræðslumálastjórn setur.

Námstími framhaldsdeildar skal vera eigi skemmri en 9 mánuðir.

Þeir, sem lokið hafa framhaldsdeildarprófi eða stúdentsprófi kennara, svo og þeir, sem lokið hafa námi í kennaradeild stúdenta, sitji að jafnaði fyrir kennslu í unglingaskólum, svo og í mið- og gagnfræðaskólum, þegar ekki er völ á kennurum, sem lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna.

4. Undirbúningsdeild sérnáms, tveggja ára nám, sem býr nemendur undir kennaranám í sérgreinum, svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, húsmæðrafræðslu, og önnur uppeldisstörf, hvort heldur sérnámið fer fram í Kennarskólanum eða annars staðar.

Þeim, sem stunda nám í undirbúningsdeild sérnáms, er skylt að ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í 1–3 bóklegum greinum, enda öðlist þeir í þeim kennararéttindi, að því tilskildu, að þeir ljúki kennaraprófi í sérgrein. Um nám og námsgreinar í þessari deild fer að öðru leyti eftir reglugerð.

Auk þessara fjögurra deilda starfa í sambandi við Kennaraskólann, þegar svo er ákveðið, sérdeildir í framhaldi af undirbúningsdeild, sem veita, að loknu tveggja ára námi, réttindi til kennslu í sérgreinum í barnaskólum og framhaldsskólum.

Námstími í öllum deildum skólans skal eiga vera skemmri en 8 mánuðir á ári.

Kennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara og aðra æskulýðsleiðtoga, þegar henta þykir og fé til þess er fyrir hendi.

3. gr.

Þeir nemendur, sem ætla sér að verða smábarnakennarar fyrst og fremst, skulu eiga kost á sérhæfingu til þess. Enn fremur er heimilt að taka upp sérkennslu í fleiri greinum, og skulu nemendur þá í samráði við skólastjóra velja sér aðalgrein, eina eða fleiri.

II. Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið, né heldur verulegan málgalla eða líkamslýti, sem gerir hann óhæfan til kennslustarfa,
2. að nemandi sé óspilltur að siðferði.
Lágmarksaldur til inntöku má ákveða í reglugerð.

5. gr.

Rétt til inntöku í 1. bekk hinnar almennu kennaradeildar veitir:

1. landspróf miðskóla með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð um miðskólapróf í bóknámsdeild,
2. fullgilt gagnfræðapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur.

Rétt til inngöngu í framhaldsdeild veitir almennt kennarapróf. Rétt til að setjast í kennaradeild stúdenta veitir almennt stúdentspróf.

Rétt til inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða önnur hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem stjórn skólans metur gilda. Við inntöku skal hafa hliðsjón af sérhæfileikum til þess starfs, sem umsækjandi ætlar að búa sig undir.

Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemanda í allar deildir með hliðsjón af hæfniprófi og öðrum matsaðferðum. Ákveða má í reglugerð lágmarks-einkunn í íslenzku.

6. gr.

Aðalviðfangsefni kennaranámsins eru uppeldisgreinarnar: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar.

Í Kennaraskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslensk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, dönsku, ensku, þýzku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, sálarfræði, uppeldisfræði, skólasögu, kennslufræði, skrift, teiknun, vélritun, handavinnu, íþróttir og fimleikafræði, söng og tónfræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar.

Kennsluæfingar fara fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum eftir því, sem þörf krefur.

Nánari ákvæði um nám og námsgreinar í hverri deild skólans setur fræðslumálastjórn í reglugerð, að fengnum tillögum skólastjórnar.

7. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok árlegs námstíma. Heimilt er skólastjórn þó að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma, ef þörf krefur. Próf fjórða bekkjar er almennt kennarapróf og sömuleiðis próf úr kennaradeild stúdenta. Ljúka má námi í einstökum greinum í öðrum bekkjum, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

Kennarar skulu gefa vetrareinkunnir hver í sinni grein, og gilda þær til jafns við prófseinkunnir, þegar reiknuð er út aðaleinkunn.

Við kennarapróf, stúdentspróf og önnur lokapróf skulu vera stjórnskipaðir prófdómendur.

III. Skólastjórn og kennarar.

8. gr.

Skólastjórn er skipuð skólastjóra og fóstum kennurum skólans ásamt skólastjóra æfingaskólans. Hún tekur ákvarðanir í sérstökum málum, sem varða inntöku nemenda, próf, brottvísun nemenda úr skóla og í öðrum málum, sem lögð verða fyrir stjórnarfund.

Skólastjórar og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Áður en fastur kennari er skipaður, skal leita umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn kennari a. m. k. komi á hverja bekkjardeild. Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk í samráði við fræðslumálastjórn.

9. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, og sé hver kennslustund 45 mínútur. Að jafnaði skal vera 10 mín. hlé milli kennslustunda. Fækka skal kennslustundum um 5, er kennari verður 55 ára, og aftur um 5, er hann verður 60 ára. Fastir kennarar verða yfirkennarar, er þeir hafa kennt við skólann fulla kennslu í 16 ár, og taka sömu laun og yfirkennarar menntaskóla.

10. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum, enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra, og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Skal þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

11. gr.

Þá eina má setja eða skipa fasta kennara í bóklegum greinum eða skólastjóra við Kennaraskólann, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa lokið námi í uppeldisgreinum. Aðrir kennarar skólans þurfa ekki að hafa lokið háskólaprófi, en verða að hafa þá menntun í kennslugreinum sínum, sem fræðslumálastjórn metur gilda.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu við skólann, og skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá sem hæfastan mann til að gegna stöðunni til bráðabirgða.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra, sem skipa fastar stöður við Kennaraskólann, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

IV. Æfinga- og tilraunaskóli.

12. gr.

Í sambandi við Kennaraskólann starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurbæjar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraskólinn veitir rétt til að kenna, m. a. skulu kennaraefni njóta leiðsagnar og þjálfunar í kennslu og uppeldi afbrigðilegra barna og kenna sjálfstætt eigi skemur en um þriggja vikna skeið, sem næst 3 kennslustundir daglega.

13. gr.

Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Kennari Kennaraskólans í uppeldis- og sálarfræði skal í samráði við skólastjóra æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknarstarfi þessu, og getur hann kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga, er starfa að svipuðum verkefnum.

14. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón æfingaskólans og setur honum reglugerð. Kostnaður við skólann greiðist sameiginlega úr ríkissjóði og bæjar-sjóði Reykjavíkur eftir samkomulagi.

15. gr.

Stjórn æfingaskólans skipa skólastjóri og fastir kennarar hans ásamt skólastjóra Kennaraskólans, og skulu þeir hafa nána samvinnu um æfingakennsluna og allt, sem henni við kemur.

16. gr.

Heimilt er skólastjóra æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun og dreifingu kennsluæfinga og eftirlit með þeim, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og skal þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar.

17. gr.

Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara má ráða til starfa

við skólann aðra kennara eftir þörfum, og skal jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við æfingaskólann. Fastir æfingakennarar skulu eigi vera færri en aldursflokkar æfingaskólans, og njóta þeir sömu launakjara og kennarar Kennaraskólans, enda kenni þeir líka við Kennaraskólann eftir því, sem ástæður eru til.

Aðrir kennarar æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að hafa, fái þeir sérstaka þóknun, sem fræðslumálastjórn ákveður.

18. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum, sem fræðslumálastjórn kýs þar til að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Kennaraskólans og æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af fræðslumálastjórn.

V. Handavinnudeild.

19. gr.

Við Kennaraskólann starfar kennaradeild í handavinnu. Deildin heitir Handavinnudeild Kennaraskólans. Hún veitir sérmenntun í handavinnu karla og kvenna, og sér þeim fyrir æfingum í að kenna þær.

20. gr.

Inntökuskilyrði í Handavinnudeild eru, að nemandi hafi lokið námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskólanum, stúdentsprófi eða almennu kennaraprófi. Náms tími er tvö ár og eigi skemmri tími á ári en 8 mánuðir. Þeir, sem útskrifast úr deildinni, öðlast réttindi til að kenna handavinnu í barnaskólum og framhaldsskólum.

21. gr.

Stjórn Handavinnudeildar skipar skólastjóri Kennaraskólans ásamt fastakennurum deildarinnar.

22. gr.

Handavinnudeild sér nemendum í öðrum deildum Kennaraskólans fyrir kennslu í handavinnu og kennsluæfingum í þeirri grein.

23. gr.

Um nám og námsgreinar og aðra tilhögun deildarinnar fer eftir ákvæðum reglugerðar, sem fræðslumálastjórn setur.

VI. Ýmis ákvæði.

24. gr.

Kennarar Kennaraskólans og æfingaskólans skulu njóta eigi minni réttinda til orlofs en kennarar annarra skóla, er slíkra réttinda njóta.

25. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón Kennaraskólans. Kostnaður við rekstur hans greiðist úr ríkissjóði.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir I., III. og V. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, enn fremur þau atriði í VII. kafla þeirra laga, svo og önnur ákvæði í lögum, sem koma í bág við þessi lög.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í einstökum atriðum svo fljótt, sem við verður komið.

Fylgiskjal II.

Greinargerð.

I.

Þann 29. febrúar 1960 skipaði menntamálaráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um Kennaraskóla Íslands og semja frumvarp til laga um skólann. Í nefndina voru skipaðir Freysteinn Gunnarsson, skólastjóri Kennaraskólans, og var hann formaður nefndarinnar, Ágúst Sigurðsson og Broddi Jóhannesson, báðir kennarar við Kennaraskólann, Gunnar Guðmundsson, yfirkennari, Guðjón Jónsson, kennari, Helgi Eliasson, fræðslumálastjóri, og Símon Jóh. Ágústsson, háskólakennari. Þann 31. ágúst 1960 skipaði menntamálaráðherra Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóra við Gagnfræðaskóla Austurbæjar, í nefndina, en hún hafði óskað eftir því, að bætt yrði í hana fulltrúa frá kennurum við framhaldsskóla.

Nefndin hefur kynnt sér skipun kennaramenntunar meðal þeirra þjóða, er ætla má, að helzt gætu orðið Íslendingum til fyrirmyndar. Koma þar einkum til álita Norðurlönd, Bandaríki Norður-Ameríku, Bretland og Þýskaland.

Nefndin hefur fjallað um málið á þrjátíu og fjórum fundum og rætt við forstöðumenn þeirra skóla, er annast ýmsa sérmenntun kennara eða eru í einhverjum tengslum við Kennaraskólann eða æskilegt mætti teljast, að tengdir yrðu starfi hans. Meðal þeirra, sem nefndin ræddi við, eru próf. Ármann Snævarr, rektor Háskóla Íslands, Árni Guðmundsson, skólastjóri Íþróttakennaraskóla Íslands, Helga Sigurðardóttir, fyrrv. skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Jón Nordal, skólastjóri Tónlistarskólans, Lúðvig Guðmundsson, fyrrv. skólastjóri Handiðaskólans, Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, kennari úr Handavinnudeild og æfingakennarar Kennaraskólans.

Kennaramenntun á Íslandi hefur jafnan verið áþekkt kennaramenntun á Norðurlöndum. Inntökuskilyrði í almenna kennaradeild á Norðurlöndum er gagnfræðapróf eða önnur próf áþekkt, námstími 4 ár. Í Danmörku og Svíþjóð geta kennarar yngri deildar lokið námi á tveimur til þremur árum, en þess kyns sérhæfing kennara eftir aldursflokkum innan skyldunáms hefur ekki tíðkast á Íslandi. Þá er mikill munur á kennaranámi stúdenta á Íslandi og Norðurlöndum, því að á Íslandi hafa þeir lokið því á einu ári, en á Norðurlöndum er krafizt tveggja til þriggja ára náms af þeim í kennaraskólum. Í Bretlandi fer menntun kennara ýmist fram í háskólum eða kennaraskólum, og öll mun hún í nokkrum tengslum við háskóla, og í Bandaríkjunum og Þýskalandi má telja, að hún fari öll fram á háskólastigi. Íslenzk kennaraefni koma yngri til náms en í nokkru hinna fyrrnefndu landa. Þetta má allt sjá af meðfylgjandi yfirlitstöflu aftan við greinargerðina.

Hér verður ekki gerður samanburður á námsefni í Kennaraskóla Íslands og kennaraskólum fyrrnefndra landa, en þess eins getið, að á Íslandi skipa uppeldisgreinarnar, einkum kennsluæfingar og annað verklegt kennaranám, allmiklu minna rúm en þar tíðkast, málanám er hins vegar mun meira.

Við undirbúning frumvarpsins hefur nefndin leitast við að koma skipan á kennaramenntunina eftir þörfum Íslendinga í bráð, en ætla henni svigrúm til frjálsrar þróunar í framtíðinni. Nokkurra mismunandi sjónarmiða hefur gætt innan nefndarinnar, en þess er vart að vænta, að eitt sýnist öllum um menntun kennara, þegar jafngagngerar og snöggar breytingar verða á atvinnu- og menningarlífi þjóðar og nú gerast hér og þarfir framtíðarinnar vandséðar fyrir.

II.

Nefndin hefur gert tillögur um veigamiklar breytingar á lögum um menntun kennara frá 1947. Sérstaklega er stofnun framhaldsdeildar og undirbúningsdeildar fyrir sérnám gagngerar breytingar á lögnum frá 1947. Í þeim lögum, gr. 28, 33 og 43, er almennt kennarapróf inntökupróf í Handiðakennaraskólann og Húsmæðrakenn-

araskólann, og einnig er það skilyrði fyrir því að hljóta íþróttakennararéttindi, þó að ekki sé tekið fram, að almennu kennaraprófi sé lokið, áður en nemandi fær innngöngu í Íþróttakennaraskólann. Þessum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt, og hafa nemendur verið teknir inn í þessa skóla með miklu minni undirbúningsmenntun en löggin gera ráð fyrir, enda sárfáir sótt um inntöku í skólana eftir að hafa lokið almennu kennaraprófi. Stofnun undirbúningsdeildar sérnáms, sem gert er ráð fyrir í þessu lagafrumvarpi, 2. gr. 4. lið, er fyrirhuguð til þess að tryggja samræmda lágmarks undirbúningsmenntun fyrir verðandi kennara í sérgreinum. Nefndin hefur haft í huga, að verðandi kennarar í sérgreinum þurfi álíka langan tíma til að búa sig undir kennarastarf sitt og þeir, sem ljúka almennu kennaraprófi, enda eru þeim ætluð sömu laun í núgildandi launalögum. Námsstími í Handavinnudeild Kennaraskólans er 2 ár, og í lögnum frá 1947 er námsstími verðandi húsmæðraskólakennara ákveðinn 2 ár hið minnsta. Ef til vill færist kennaranám í öðrum sérgreinum einnig í það horf, að tvö ár þurfi til þess að ljúka því.

Reynslan hefur leitt í ljós, að kennarar þreytast meira á því að kennda eina sérgrein heldur en fleiri greinar. Í fremur litlum skólum eru heldur ekki nægilega margar stundir kenndar í hverri sérgrein fyrir sig, til þess að sérgreinakennarar hafi fullan tímafjölda fastra kennara. Af þessum sökum gerir þetta frumvarp ráð fyrir því, að kennarar í sérgrein skuli einnig hafa lokið almennu kennaraprófi í 1—3 bóklegum greinum. Námi þessu mætti ljúka hvort sem væri á undan eða samtímis sérnáminu, en gera má ráð fyrir, að duglegir nemendur geti búið sig undir kennaraprófið í einstökum bóklegum greinum samtímis sérnámi. Þegar gert er ráð fyrir 1—3 bóklegum greinum, er það haft í huga, að kennarapróf í ýmsum bóklegum greinum krefst mjög mismunandi mikils undirbúnings, og einnig hitt, að námsgreinar eru kenndar mismunandi margar stundir í skólum, og gæti því þurft kennarapróf í allt að þrem greinum auk sérgreinar, til þess að kennari gæti fengið nægilega margar stundir við skóla sinn til þess að verða skipaður fastakennari.

Nefndin átti fund með skólastjórum þeirra skóla, sem mennta verðandi kennara í sérgreinum, og Þorsteini Einarssyni, íþróttafulltrúa, og voru þeir allir þeirrar skoðunar, að fengur væri að því, að tveggja ára undirbúningsdeild sérnáms væri við Kennaraskólann.

Framhaldsdeildinni (2. gr. 3. liður) er ætlað tvíþætt hlutverk, annars vegar að veita útskrifuðum kennurum kost á framhaldsnámi í einstökum greinum og hins vegar að búa nemendur, útskrifaða úr almennu kennaradeildinni, sem þess óska, undir stúdentspróf.

Annað hlutverk framhaldsdeildarinnar er að gefa kennurum kost á framhaldsnámi í einstökum greinum. Þar eð rektor Háskólans gat þess á fundi með nefndinni, að sérhæfing í fáeinum greinum kynni að verða tekin gild til inntöku í B.A.-deild Háskólans, gerir nefndin ráð fyrir því, að skólinn opni kennurum einnig þessa leið. Að sjálfsögðu væri ekki hægt að hafa ótakmarkað val um námsgreinar í þessari deild, heldur yrði að setja ákvæði um vissa lágmarkstölu nemenda, til þess að hægt væri að halda uppi kennslu í einhverri grein.

Nefndin vill leggja áherzlu á það, að hún telur þau takmörkuðu réttindi að fá aðgang að B.A.-deild Háskólans alls ekki fullnægjandi fyrir kennara. Aðeins fullgilt stúdentspróf mundi veita innngöngu í erlenda háskóla yfirleitt (þótt frá því séu nokkrar undantekningar). Duglegir nemendur, sem hyggja á framhaldsnám eftir landspróf, án þess að vera vissir um fyrirfram, hvað þeir vildu læra í háskóla, myndu ekki láta sér nægja að eiga von á takmörkuðum aðgangi að háskóla eftir 5 ára nám.

Hingað til hefur útskrifuðum kennurum verið gert mjög erfitt fyrir að komast í framhaldsnám í háskóla. Til þess hafa þeir þurft að taka stúdentspróf við menntaskóla og hafa ekki fengið viðurkennt stúdentsprófsgildi kennaraprófs í almennum námsgreinum, þrátt fyrir ákvæði 9. gr. í lögum um menntun kennara 1947. Stúdentspróf í áföngum geta aðeins starfandi kennarar tekið, og er krafist, að þeir nái hærri meðaleinkunn en nemendur menntaskólanna. Þessar leiðir til framhaldsnáms í há-

skóla eru svo torfærar, að mjög fáir hafa valið þær. Allar tilraunir til þess að opna dyr Háskólans fyrir kennurum án stúdentsprófs hafa strandað, og er víst óþarfi að rekja sögu þess máls hér.

Landssambönd barna- og gagnfræðaskólakennara hafa eindregið stutt þá hugmynd, að Kennaraskólinn fái rétt til að útskrifa stúdenta, og hafa gert um það samþykktir á fundi sínum. Kennarafélag Kennaraskólans hefur líka eindregið mælt með því, að skólinn fái þessi réttindi. Nefndin hefur fallizt á þessi sjónarmið og leggur til, að Kennaraskólinn fái rétt til að útskrifa stúdenta með líkri menntun og máladeildarstúdentar frá menntaskólunum hafa, en þó þannig, að uppeldisfræði og kennslufræði gildi til stúdentsprófs og megi þá sleppa öðrum greinum, sem því svarar, af greinum máladeildar menntaskólanna, og að einnig sé tekið tillit til annarra greina, sem kenndar eru í Kennaraskólanum, en ekki í menntaskólunum. Þar sem hér er um nýmæli að ræða, þykir rétt að gera grein fyrir helztu rökum, sem hníga að því að veita Kennaraskólanum slík réttindi.

1. Aðsókn góðra nemenda að skólanum myndi væntanlega stórauðkast. Unglingar, sem lokið hafa landsprófi, vita sjaldnast með nokkurri vissu, hvað þeir ætla að gera að ævistarfi sínu, og vilja því halda opnum leiðum fyrir sig til háskólanáms frekar en ganga í skóla, sem ekki veitir aðgang að framhaldsmenntun, enda þótt þeir hafi nokkra tilhneigingu til þess að velja kennarastarfið. Telja má mjög líklegt, að þessar aðstæður séu ein meginorsök þess, hve lítil aðsókn hefur verið að Kennaraskólanum af nemendum, sem lokið hafa góðu landsprófi.
2. Útskrifuðum kennurum er oft nauðsynlegt að geta kennt í unglingaskólunum, og væri æskilegt, að þeir hefðu notið framhaldsmenntunar í kennslugreinum sínum.
3. Fyrir þá, sem ætla sér að fara í háskóla til þess að búa sig undir kennarastarf, væri heppilegra að hafa fengið stúdentsmenntun sína í skóla, sem miðar kennslu sína við undirbúning undir kennarastörf.
4. Því fer fjarri, að öll stúdentsmenntun sé eins. Og nægir í því sambandi að minna á hinn mikla mun, sem er á menntun máladeildar- og stærðfræðideildarstúdenta. Auk þess eru nokkur líkindi til þess, að stofnuð verði ný deild við einhvern menntaskólann, annaðhvort náttúrufræðideild eða deild, sem svipaði til „Modern schools“ í Englandi eða „allmänna linien“ í Svíþjóð. Stúdentsmenntun við Kennaraskólann mætti hafa líkari menntun máladeildar heldur en sú menntun er, sem hinar deildir menntaskólanna veita.
5. Samanburður á námsefni máladeildar og námsefni til almenns kennaraprófs og samanlögðum vikustundum í námsgreinum sýnir, að á einum vetri til viðbótar við kennaranámið mætti búa útskrifaða kennara undir stúdentspróf á fullnægjandi hátt, ef tekið væri tillit til sérgreina Kennaraskólans og öðrum mætti sleppa, sem þeim svaraði. Undirbúningur undir stúdentspróf mundi því á engan hátt trufla námið til almenna kennaraprófsins.

Varðandi rétt til inngöngu í skólann er hér gert ráð fyrir þeirri breytingu frá lögnum 1947, að fullgilt gagnfræðapróf bóknámsdeildar með lágmarks-einkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, veiti inngöngu í almennu kennaradeildina, þó að því tilskildu, að gagnfræðingar gangi undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur. Auk þess veitir landspróf miðskóla með tiltekinni lágmarkseinkunn rétt til inngöngu, eins og verið hefur. Tilgangur nefndarinnar með því að veita takmörkuðum hópi gagnfræðinga þessi réttindi er alls ekki sá að slaka á inntökukröfum í skólann, heldur sá að ná til þeirra beztu meðal gagnfræðinganna, sem oft hafa reynzt fyllilega eins góðir nemendur og þeir, sem hafa tekið landspróf miðskóla með lágmarkseinkunninni 6. Þá eru ákvæði 3. gr. um sérhæfingu fyrir smábarnakennslu og valgreinar alger nýmæli.

6. Ákvæði 5. gr. um inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms eru nokkru rýmri

heldur en ákvæðin um inngöngu í almennu kennaradeildina, enda mundu nemendur úr undirbúningsdeildinni ekki fá inngöngu í stúdentsprófsdeildina. Það virðist rétt að taka sérstakt tillit til sérhæfileika fyrir starf, sem nemandinn ætlar að búa sig undir, og meta þá eins mikils og nokkurn mismun á einkunn í bóklegum greinum.

Þar eð mikilsvert er, að nemandi í skólanum sé vel að sér í íslenzku, sem einnig kemur öllum kennurum að miklu gagni í starfi, virðist vera eðlilegt, að skólinn geti krafizt lágmarkseinkunnar í þessari grein.

Í nágrannalöndum okkar eru nemendur yfirleitt ekki teknir eins ungir í kennaraskóla og hér hefur tíðkæzt, og þegar aðsókn að kennaranáminu væri orðin meiri en nauðsynlegt væri, kæmi til álita, að hægt væri að hækka inngöngualdurinn, og mætti þá gera það með reglugerðarbreytingu.

Hér hefur aðeins verið drepit á mikilvægustu breytingar miðað við lög in um menntun kennara 1947. Að öðru leyti visast til athugasemda við einstakar greinar.

III.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Nýmæli þessarar greinar er, að hlutverk skólans sé ekki það eitt að útskrifa kennara í barna- og unglingskólum, heldur einnig hitt að búa nemendur undir framhaldsnám. Sérkennaraskólar þeir, sem við er átt, eru taldir í 4. lið 2. gr. Ákvæðin um framhaldsnám í Kennaraskólanum sjálfum, svo og í háskólum, eru í 3. lið 2. gr.

Um 2. gr.

1. liður gerir ráð fyrir fjögurra ára almennu kennaranámi, svo sem verið hefur. Þar geta þó ýmsar breytingar á orðið, svo sem á niðurröðun námsefnis og fyrirkomulagi, þegar skólinn kemst í rýmri húsakynni. Þær breytingar má ákveða í reglugerð.

2. liður fjallar um kennaradeild stúdenta. Sú deild hefur nú starfað í skólanum í rúm tíu ár, nú síðustu árin fullskipuð bekkjardeild með yfir 20 nemendum. Náms-tími hefur verið einn vetur, en tíminn ekki notast til fulls vegna ónógs húsnæðis og lélegrar aðstöðu til æfingakennslu. Hér er gert ráð fyrir tveggja ára námi, svo sem er annars staðar á Norðurlöndum nema í Danmörku, þar sem námstíminn er 3 ár. Fyrst um sinn er þó ráðgert eins árs nám, þar sem tvöföldun námstímans myndi vafalaust draga úr aðsókn, sem ekki er æskilegt, meðan kennaraskortur er. En með lenging námstímans í 9 mánuði og bættri aðstöðu má gera ráð fyrir, að auka megi námið um þriðjung frá því, sem nú er.

3. liður gerir ráð fyrir framhaldsnámi fyrir þá, sem lokið hafa almennu kennara-prófi. Slíkt framhaldsnám hafa kennarar hingað til orðið að sækja til útlanda með ærnum tilkostnaði. Er til þess ætlazt, að nemendur í þessari deild geti sérhæft sig í einstökum greinum. Enn fremur á nám þetta að veita þeim rétt til inngöngu í B.A.-deild Háskólans. Hafa slík réttindi kennurum til handa verið allmikið rædd, en ekki fengizt enn sem komið er. Þess er vænt, að Háskólinn fallist á, að viðbótarnám þetta nægi til þess, að þau réttindi fái st. Benda má á, að hér er um 5 ára nám að ræða eða 1 ári lengra en er í núgildandi lögum um menntun kennara. Heimildin til að lengja framhaldsnámið í tvö ár, þegar ástæður leyfa, myndi ekki aðeins gefa kost á auknu framhaldsnámi, heldur einnig möguleika til að létta á námskröfum í almennu kennaradeildinni í ýmsum greinum, svo að auka mætti þar kennslu í uppeldisgreinum.

Þá er hér enn fremur gert ráð fyrir möguleika á, að skólinn búi nemendur þá, sem þess óska, undir stúdentspróf. Er það mál nokkuð rökstutt í almennu greinargerðinni. Hér skal þó farið um það nokkrum orðum til áréttingar. Frá upphafi Kennaraskólans hafa alltaf ýmsir af nemendum hans haft hug á að halda áfram

námi, en sú leið reynzt þeim ógreið og torveld. Þeir, sem haldið hafa áfram til stúdentsprófs að loknu kennaranámi, munu vera um 30 talsins í þau rúm 50 ár, sem skólinn hefur starfað. Rúmur þriðjungur þeirra hefur lokið embættisprófi við háskóla, tveir doktorsprófi í norrænum fræðum. Aðeins 3—4 hafa horfið með öllu frá kennslustörfum. Þrír af föstum kennurum Kennaraskólans nú og einn stundakennari hafa farið þessa leið, lokið stúdentsprófi og háskólanámi að loknu námi í Kennaraskólanum.

Þegar nemendafjöldi Kennaraskólans tvöfaldast eða jafnvel þrefaldast, eins og gera má ráð fyrir að verði á næstu áratugum, verða þeir vitanlega miklu fleiri en verið hefur, sem æskja þess að halda áfram námi, ef þeir eiga þess kost með viðhlitandi aðstæðum.

Það er gefinn hlutur, að svo verður að vera um hnútana búið, að stúdentspróf það, sem hér um ræðir, verður að vera metið til jafns við önnur stúdentspróf, t. d. úr máladeild menntaskóla. Með reglugerð um nám og próf ætti að mega tryggja það. Því, sem á vantar í viðbót við kennaranámið eins og það er nú, ættu duglegir nemendur að geta lokið á einum vetri, að því tilskildu, að uppeldisfræði og kennslufræði komi í stað t. d. frönsku og latínunám yrði heldur minna en í máladeild. Í öðrum greinum yrði lokið námi sambærilegu við nám í máladeild menntaskóla.

Loks er í síðustu málsgrein 3. liðar gert ráð fyrir, að þeir, sem lokið hafa framhaldsnámi eða stúdentsprófi kennara, svo og þeir, sem lokið hafa námi í kennaradeild stúdenta, hafi nokkur forréttindi til kennslu fram yfir þá, sem aðeins hafa stundað nám í almennu kennaradeildinni.

Í 4. lið annarrar greinar er gert ráð fyrir tveggja ára undirbúningsdeild fyrir þá, sem ætla að stunda nám í sérkennaradeildum, og er það algert nýmæli. Með þessu vinnst tvennt. Meira og samræmdara nám en verið hefur krafizt til kennararéttinda í sérgreinum og jafnlangur námstími allra — fjögur ár — til þess að öðlast kennararéttindi með sömu launakjörum. Hingað til hafa námskröfur verið mismunandi, en sömu launakjör.

Þá er ætlað til, að sérkennarar afli sér kennararéttinda í 1—3 greinum auk sérgreinar. Reynslan hefur sýnt, að einhliða kennsla í einni grein reynist flestum erfið og þreytandi til lengdar, og í smærri skólum verður því ekki við komið.

Handavinnudeild er eina sérkennaradeildin, sem starfar nú í sambandi við Kennaraskólann, en hann tók við þeirri deild af Handiðaskólanum haustið 1951. Hér er ráðgert, að fleiri sérkennaradeildir geti tengzt Kennaraskólanum, þegar svo þykir henta.

Ákvæðin um námskeið þurfa engra skýringa við.

Námstíminn, 8 mánuðir, er í samræmi við það, sem nú gildir. Undantekning frá því almenna ákvæði er framhaldsdeild og kennaradeild stúdenta, þar sem gert er ráð fyrir 9 mánaða starfstíma.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir nokkurri sérhæfingu í námi, bæði fyrir smábarnakennslu og aðra, sem vilja sérhæfa sig til kennslu í ákveðnum einstökum greinum. Þetta verður að teljast mjög æskilegt, en getur reynzt nokkuð erfitt í framkvæmd. Þykir því rétt að hafa þetta í heimildarformi, en reglur um fyrirkomulag verður reynslan að skapa.

Um 4. gr.

1. og 2. liður þurfa engra skýringar við. Um aldurstakmark þykir rétt að fastbinda ekki neitt í lögum. Í nágrannalöndunum er stefnan sú að hækka frekar en lækka lágmarksaldur í kennaraskólum, og er hann þar víða 18 ár. Hér á landi veitir landspróf miðskóla rétt til inngöngu, en því hafa nemendur yfirleitt lokið 16 ára að aldri. Hæpið er, eins og sakir standa, að þeir nemendur bíði eitt ár eða meira eftir því að komast í Kennaraskólann. Hætt er við, að það myndi draga úr aðsókn að skólanum, en það er hæpin ráðstöfun, meðan kennaraskortur er. Þykir því rétt að láta þetta laust og óbundið fyrst um sinn.

Um 5. gr.

1. liður þarf ekki skýringa við. Þar er gert ráð fyrir því sama, sem nú gildir.

Í 2. lið er ráðgert, að gagnfræðapróf bóknámsdeildar, svonefnt fjórðabekkjargagnfræðapróf nægi til inngöngu með nokkru viðbótarprófi.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt það ótvírætt, að slíkir nemendur standa sízt að baki landsprófsnemendum, eru jafnvel fullt eins æskilegir í kennaraskóla. Þeir eru yfirleitt ári eldri en landsprófsmenn, hafa í flestum greinum lært jafnmikið og í sumum meira. Tryggja má með viðbótarprófum, að þeir hafi lokið sambærilegu námi í öllum greinum.

Önnur og þriðja málsgrein 2. liðar þurfa ekki skýringa við.

Í þriðju málsgrein er gert ráð fyrir, að inntökuskilyrði í undirbúningsdeild séu nokkru vægari en í almennu kennaradeildinni. Hjá því verður varla komið, þar sem fyllstu bóknámskröfur myndu útiloka marga þá, sem gæddir eru góðum hæfileikum til sérnáms, svo sem í handavinnu, söng eða íþróttum.

Um 6. gr.

Námsgreinatalið í þeirri grein er ekki tæmandi. Það er miðað við það fyrst og fremst, sem nú er kennt í Kennaraskólanum og væntanlega verður kennt í fjögurra ára almennu kennaradeildinni. Heimilt er að fækka eða fjölga námsgreinum eftir aðstæðum og myndi það helzt eiga sér stað í sérdeildum, t. d. yrði sjálfsagt að bæta við latínu í framhaldsdeild til stúdentsprófs.

Um 7. gr.

Þessi grein, um próf, vetrareinkunnir og prófdómara, felur ekki í sér neina breytingu frá því, sem nú gildir.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að stjórn skólans sé skipuð skólastjóra og föstum kennurum ásamt skólastjóra æfingaskólans. Síðasta atriðið miðar að því, að samvinna verði sem nánust milli Kennaraskólans og æfingaskólans.

Síðari málsgreinin er sniðin eftir samsvarandi grein í lögum um menntaskóla.

Um 9. gr.

Ákvæðin um skyldutímafjölda kennara og fækkun þeirra vegna aldurs eru hin sömu og í lögum um menntaskóla. Sama er að segja um niðurlagsákvæði 9. gr. Það verður að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að kennarar Kennaraskólans njóti að öllu leyti sömu launakjara og menntaskólakennarar, enda eru menntunarkröfur hinar sömu og störf kennaraskólakennara sízt ábyrgðarminni. Í núgildandi launalögum eru hvorir tveggja í sama launaflokki.

Um 10. gr.

Þar er gert ráð fyrir, að skólastjóri geti notið aðstoðar kennara við daglegt eftirlit og umsjón í skólanum, og er það ekki aðeins sanngjarnt, heldur og nauðsynlegt, sérstaklega þegar skólinn stækkar. Að öðru leyti er grein þessi í samræmi við það, sem er í lögum um menntun kennara.

Um 11. gr.

Þessi grein er að efni til í öllum aðalatriðum samhljóða 15. gr. laga um menntaskóla. Menntunarkröfur til kennara eru hinar sömu. Með „öðrum kennurum skólans, sem þurfa ekki að hafa lokið háskólaprófi“, er átt við stundakennara í ýmsum greinum, svo sem handavinnu, teiknun, söng, leikfimi o. fl.

Um 12. gr.

Í lögnum um menntun kennara frá 1947 er gert ráð fyrir tilrauna- og æfingaskóla, en það atriði þeirra laga, eins og reyndar fleiri, hefur ekki enn komið til

framkvæmda. En vöntun æfingaskóla hefur háð starfsemi Kennaraskólans frá upphafi. Nú loks er von til, að úr rætist, þar sem samningar hafa þegar verið gerðir milli ríkis og bæjar um stofnun slíks skóla á lóð hins nýja Kennaraskóla, og verði æfingaskólinn um leið barnaskóli fyrir ákveðið hverfi bæjarins.

Ákvæðið um uppeldi og kennslu afbrigðilegra barna er nýmæli, en svo sjálfsagt og nauðsynlegt, að ekki orkar tvímælis.

Ákvæðið um sjálfstæða kennslu kennaraefna er einnig nýmæli hér, en annars staðar víða er það talið alveg sjálfsagt og víða miklu lengur en hér. Rétt þykir að til-taka ekki lengri tíma en þrjár vikur, meðan ekki er fengin reynsla fyrir, hversu erfitt þetta reynist í framkvæmd.

Um 13. gr.

Hér er um svo sjálfsögð fyrirkomulagsatriði að ræða, að ekki þarf skýringa við.

Um 14. gr.

Samkomulag er þegar fengið um hlutfallslegan kostnað hvors aðilja, ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur.

Um 15. gr.

Stjórn skólans er skipuð á sama hátt og stjórn Kennaraskólans, enda er hér um sjálfstæða stofnun að ræða í mjög nánnum tengslum við Kennaraskólann. Til þess að tryggja þá samvinnu sem bezt, er ráðgert, að skólastjóri Kennaraskólans taki þátt í stjórn æfingaskólans, sbr. upphaf 8. gr.

Um 16. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 10. gr. og nægir að vísa til athugasemdar við hana.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um kennara æfingaskólans og kjör þeirra. Núverandi æfingakennarar hafa sömu laun og aðrir fastir kennarar Kennaraskólans, og þykir sjálfsagt, að það haldist, enda séu þeir ekki fleiri en aldursflokkar æfingaskólans — og verður því um litla fjölgun að ræða. Hins vegar mun þurfa marga kennara að auki til kennslu í æfingaskólanum, sem njóti sömu launakjara og aðrir kennarar á sömu skólastigum. Gert er ráð fyrir, að þeir fái sérstaka þóknun fyrir æfingatíma og tilraunastörf, sem þeim kunna að verða falin, og verður það að teljast sanngjarnt.

Um 18. gr.

Þegar Kennaraskólinn stækkar, má gera ráð fyrir, að æfingaskólinn anní ekki öllum nauðsynlegum æfingum. Því er ráðgert, að leita megi til annarra skóla, og virðist það óhjákvæmilegt.

Um 19. gr.

Hér er ekki um neitt nýmæli að ræða, aðeins staðfesting á því, sem er fyrir hendi. Í lögum um kennaramenntun 1947 er gert ráð fyrir stofnun Handíðakennarskóla Íslands. Sá skóli hefur aldrei verið stofnaður. Þess í stað tók Kennaraskólinn að sér af Handíðaskólanum haustið 1951 handavinnukennaradeild stúlkna og pílta, og hefur hún starfað síðan í sambandi við Kennaraskólann, eins og áður segir.

Um 20. gr.

Inntökuskilyrði í handavinnudeild eru nú almennt gagnfræðapróf, bæði fyrir pílta og stúlkur, og auk þess vetrarnám í húsmæðraskóla fyrir stúlkur. Hér er hins vegar gert ráð fyrir tveggja vetra námi í undirbúningsdeild að loknu gagnfræðanámi, og er hér því um mjög auknar námskröfur að ræða. Um þetta er rætt í athugasemd við 4. lið 2. gr., og vísast hér til þess. — Náms tími og réttindi þeirra, sem útskrifast, er óbreytt frá því, sem nú er.

Um 21. gr.
Óbreytt frá því, sem nú er.

Um 22. gr.
Sömuleiðis óbreytt frá því, sem nú er.

Um 23. gr.
Greinin þarf engrar skýringar við.

Um 24. gr.
Felur ekki í sér neina breytingu.

Um 25. gr.
Ekki heldur nein breyting frá því, sem nú er.

Um 26. gr.
Hér með eru numdir úr gildi þrjú kaflar úr lögum um kennaramenntun frá 1947:
I. Um Kennaraskóla Íslands, III. Um æfinga- og tilraunaskóla og V. um Handíða-
kennaraskóla Íslands, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög. Þessi lög
taka hins vegar ekki til kaflanna *Um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Há-
skóla Íslands, Um Íþróttakennaraskóla Íslands og Um Húsmæðrakennaraskóla.*

Um 27. gr.
Enda þótt lög þessi öðlist þegar gildi, koma ýmis atriði þeirra ekki til fram-
kvæmda þegar í stað, að minnsta kosti ekki fyrr en skólinn er tekinn til starfa í
nýjum húsakynnum.

**Yfirlit um stundafjölda til stúdentsprófs (máladeildar), kennaraprófs,
náms stúdenta í Kennaraskólanum og verzlunarstúdentsprófs.**

1. Menntaskólinn í Reykjavík (máladeild).
2. Kennaraskólinn.
3. Mismunur á tímafjölda Menntaskólans og Kennaraskólans (K + eða ÷ miðað við M).
4. Tímafjöldi stúdenta í Kennaraskólanum.
5. Tímafjöldi til verzlunarstúdentsprófs.
6. Mismunur á tímafjölda til kennaraprófs og verzlunarstúdentsprófs (K + eða ÷ miðað við V).

— Allar tölur tákna fjölda vikulegra stunda —

	1. M.	2. K.	3. K. +&÷	4. stúd: í K.	5. V.	6. K. +&÷
I. Bókl. námsg. í M. K. & V.						
Íslenska	17	20	+ 3	0	20	0
Danska	8	10	+ 2	0	13	÷ 3
Enska	19	10	÷ 9	0	29	÷ 19
Þýzka	14	9	÷ 5	0	18	÷ 9
Saga	12	8	÷ 4	0	13	÷ 5
Stærðfræði	11	7	÷ 4	0	26	÷ 19
Náttúrufræði	9	8	÷ 1	0	9	÷ 1
Eðlis- og efnafræði ..	6	4	÷ 2	0		+ 4
Latína	18	0	÷ 18		4	÷ 4
Franska	11	0	÷ 11		10	÷ 10

	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Hljóðfræði		2	+ 2	2		+ 2
Uppeldisfræði		9	+ 9	5		+ 9
Kennslufræði		6	+ 6	6		+ 6
Heilsufræði		2	+ 2	2		+ 2
Landufræði		4	+ 4	0		+ 4
Kristin fræði		6	+ 6	4		+ 6
Fimleikafæði		1	+ 1	0		+ 1
Áttahagafræði & vinnb.		6	+ 6	2		+ 6
Kennsluæfingar		6	+ 6	3		+ 6
Hagfræði					8	÷ 8
Verzlunarréttur					4	÷ 4
Vörufræði					1	÷ 1
T. í bókl. gr. alls..	125	118	÷ 7	24	155	÷37

II. Aðrar námsgreinar.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.
	M.	K.	K.	stúd.	V.	K.
			+ & ÷			+ & ÷
Handavinna		8	+ 8	4		+ 8
Teikning		8	+ 8	2		+ 8
Leikfimi	12	13	+ 1	0	18	÷ 5
Skrift		4	+ 4	0	2	+ 2
Söngur	4	8	+ 4	0		+ 8
Vérlitun					7	÷ 7
Alls	16	41	+25	6	27	+14

Til athugunar varðandi yfirlit um stundafjölda til stúdentsprófs (máladeildar), kennaraprófs, náms stúdentanna í Kennaraskólanum og verzlunarstúdentsprófs.

- Varðandi samanburð á tímafjölda í bóklegum greinum til stúdentsprófs og til kennaraprófs.
 - Í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í báðum skólunum, kennir máladeild Menntaskólans 25 tíma umfram Kennaraskólann.
 - Í námsgreinum, sem kenndar eru í Menntaskólanum, en ekki í Kennaraskólanum (latínu og frönsku), kennir Menntaskólinn 29 tíma.
Þ. e. a. s. a- og b-liðir = 54 stundir.
 - Í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í báðum skólunum, kennir Kennaraskólinn 5 tíma umfram Menntaskólann.
 - Í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í Kennaraskólanum, en ekki í Menntaskólanum kennir Kennaraskólinn 42 st.
Þ. e. a. s. c- og d-liðir = 47 stundir.
- Varðandi samanburð á tímafjölda í bóklegum greinum til verzlunarstúdentsprófs og kennaraprófs.
 - Í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í báðum þessum skólum, kennir Verzlunarskólinn 56 stundir umfram Kennaraskólann.
 - Í sérgreinum Verzlunarskólans kennir hann 27 stundir.
Þ. e. a. s. a- og b-liðir = 83 stundir.
 - Í sérgreinum Kennaraskólans kennir hann 46 stundir.
- Samanburður á undirbúningi undir Verzlunarskólann og Kennaraskólann og undirbúningi nemenda, áður en þeir koma í þessa skóla.
Verzlunarskólinn kennir 6 ár til stúdentsprófs. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra nemenda, sem fá inngöngu í 1. bekk, hefur verið 2 vetur í unglingaskóla.

Hins vegar fá nemendur inngöngu í Kennaraskólann eftir þriggja vetra nám í unglingskóla og gagnfræðaskóla (að afloknu landsprófi), og má því telja, að undirbúningur þeirra sé einu ári lengri.

4. Varðandi samanburð á tímafjölda, sem stúdentar sækja í Kennaraskólanum, og tímafjölda útskrifaðra kennara í sömu greinum.
 - a) Stúdentar sækja 24 tíma vikulega í þessum greinum, en útskrifaðir kennarar hafa sótt 42 tíma í sömu greinum.
Mismunur 18 stundir.
 - b) Í námsgreinum, sem kenndar eru í báðum skólum, kennir Kennaraskólinn 5 stundir umfram Menntaskólann (sbr. 1. c.).
Stúdentar sækja ekki tíma í Kennaraskólanum í þessum greinum.
Þ. e. a. s. a- og b-liðir = 23 stundir.
5. Samanburður á stundafjölda í verklegum greinum, sem kenndar eru í þessum skólum.
 - a) Í námsgreinum, sem kenndar eru í Menntaskólanum og Kennaraskólanum, kennir Kennaraskólinn 5 stundir umfram Menntaskólann.
 - b) Í sérgreinum Kennaraskólans (miðað við Menntaskólann) kennir hann 20 stundir.
Þ. e. a. s. a- og b-liðir = 25 stundir.
 - c) Kennaraskólinn kennir 14 stundum meira í verklegum greinum en Verzlunarskólinn.

Skýrsla UNESCO.

I. Lönd, sem yfirleitt taka við nemendum til kennaramenntunar frá æðri framhaldsskólum.

Land.	1.	2.	3.	4.	5.
	Tegund skóla, aldursfl., sem á að kenna.	Lágmarksinntökuskilyrði i skóla, sem veita kennaramenntun.	Tegund skóla, sem veita kennaramenntun.	Inntöku-aldur.	Nám til kennara- prófs (ára fjöldi) a) skólanám. b) starfsnám.
	1) Barnaskóli. Aldur: 6—14 eða 15.	Stúdentspróf eða í sumum landshlutum sjaldan einnig sérstakt próf eftir sérþjálfun. Í sumum landshlutum er hámarksaldur 25 eða 28 ár.	Mismunandi eftir landshlutum: E.k. kennaraskóli (Pädagogische Hochschule) eða kennaraskóli í tengslum við háskóla eða háskóli (sem er nú að verða algengara).	19—20	a) og b) samtímis a. m. k. vanalega 3, í sumum landshlutum 2.
V.-Þýzka-land.	2) Miðskóli. Aldur: 12—15 eða 16.	Í Hamburg (og bráðlega í Hessen) eru kennarar þjálfaðir samtímis fyrir barnaskóla og miðskóla. Í öðrum landshlutum geta kennarar fengið réttindi eftir a. m. k. 3 ára kennslu í barnaskóla, til að kenna einnig í miðskóla, eftir að þeir hafa lokið sérstöku prófi.			
	3) Menntaskóli. Aldur: 10—19.	Stúdentspróf eða jafngilt próf.	Háskóli í „praktískum“ greinum, einnig framhaldsskólar í tæknigreinum.	23—24	2—5 ár (bóklegt og verklegt próf) (2 „staatssexamina“).
	1) Barnaskóli Aldur: 5—11.	Próf í 5 greinum til „General Certificate of Education (ordinary level) — þ. e. próf, sem vanalega er tekið við 16 ára aldur.	Kennaraskólar.	18	a) og b) samtímis, nú 2 ár frá 1962 3 ár.
England (og Wales).	2) Gagnfræðaskólar (Secondary modern schools). Aldur: 11—15 eða 16.	Annaðhvort háskólagráða eftir a. m. k. 3 ára nám eða eins og í 1).	Háskóli eða kennaraskóli.	Lágmark: 18.	b) 1 ár eftir, a) 3 ár, sbr. 2. dalk.

1.	2.	3.	4.	5.
1) Barnaskóli. Aldur: 5—12.	Karlm. Háskólagráða (3—4 ára nám). Konur. Próf í 5. gr. til „General Cert. of Education“.	Kennaraskólar.	Karlar 17½—18 til C. of Educ. Konur: 17½—18.	b) 1 eftir a) 3—4 a) og b) samtímis 3—4
2) Miðskóli. Aldur: 12—15.	Háskólagráða eftir 3—4 ára nám.	Kennaraskóli.	Til háskólanáms 17½—18, til C. of Ed. 20½—22.	b) 1 eftir a) 3—4 (sbr. 2. dálk).
1) Barnaskólar. Aldur: 6—12.	Próf úr framhaldsskóla.	Kennaraskóli eða háskóli (60%).	17—18.	Vanalega 4 í sumum ríkjum 2. (a) h. u. b. 33%, b) 66—100% samtímis.
2) Framhaldsskólar. Aldur: 12—18.	Próf úr framhaldsskóla.	Kennaraskóli eða háskóli (80%).	17—18.	Í flestöllum ríkjum 4, örfáum 5, þar af h. u. b. a) 0—22%, b) 78—100% samtímis.
Barnaskóli. Aldur: 7—14.	Stúdentspróf ásamt vottorði um andlega og líkamlega heilbr. Sönghæfni.	Kennaraskóli.	19—20	2
Noregur.	Skóli til 15 ára (vanalega gagnfræðaskóli til 17 ára, + inntökuþróf).	Kennaraskóli.	17—22	4
Ísrael.	1) Barnaskólar. Aldur: 6—14. 2) 12 ára skólaga og vanalega framhaldsnám í „Higher Secondary School“.	Kennaraskóli.	18	a) og b) 2 samtímis.

Hér lýkur skýrslu UNESCO. Eftirfarandi upplýsingar um Danmörku eru teknar úr lögum nr. 220, 11. júní 1954 um menntun barnaskólakennara.

	1.	2.	3.	4.	5.
	1) Barnaskóli, unglingskóli og kvöldskólar.	Inntökupróf eftir veru í undirbúningsbekk við kennaraskóla allt að 15 mán. + hefniþróf.	Kennaraskóli.	18	4
Danmörk.		Stúdentspróf.	Kennaraskóli.	19	3 ár
	2) Smábarnaskólar.	Sömu og fyrir 1) eða gagnfræðapróf eða kvennaskóla-próf eða alm. undirbúningspróf ætíð + inntökupr. í dönsku, reikningi og söng.	Kennaraskóli.	20	2½ ár

Yfirlit um kennaramenntun í nálægum löndum.
(Viðbót við skýrslu UNESCO).

	1.	2.	3.	4.	5.
Land.	Tegund skóla, sem kenna skal í.	Inntökuskilyrði í skóla, sem veita kennaramenntun.	Tegund skóla, sem veita kennaramenntun.	Inntökualdur.	Nám til kennaraprófs (árafjöldi).
Ísland.	Barna- og unglingskólar.	Landspróf úr bóknámsdeild miðskóla.	Kennaraskóli.	16	4
		Stúdentspróf.		20	1
Finnland.	Barnaskóli.	Miðskólapróf. Barnaskóli + 2 ár undirbúningsdeild.	Kennaraskóli.	17	4
		Stúdentspróf.		17	2
	1) Barnaskóli	a) Gagnfræðapróf. b) Stúdentspróf.	Kennaraskóli. Kennaraskóli. Kennaraháskóli.	18	4 2 2½
Svíþjóð.	Barnaskólar. 3 fyrstu ár skyldunám.	Gagnfræðapróf.	Kennaraskóli.	18	3 (2)

Viðbótarupplýsingar úr skýrslu UNESCO.

I. Vestur-Þýzkaland.

Kennarar byrja vanalega kennslu 21—22 ára gamlir, en áður en þeir öðlast full kennararéttindi þurfa þeir að taka próf (Staatsexamen) og hafa kennt a. m. k. 2 ár sem aðstoðarkennarar. Þeir eru því orðnir 23—25 ára gamlir, þegar þeir öðlast réttindi sem fastir kennarar.

II. England (og Wales).

Í barnaskólum byrja kennarar vanalega að kenna 20 ára gamlir, en í gagnfræðaskólum (aldursflokkunum 11—18) byrja karlmenn að kenna 23—24 ára, en konur 22—23 ára. Áður en þeir öðlast full kennararéttindi, þurfa þeir að hafa tekið „Certificate in Education“ undir umsjá kennaradeildar við háskóla og hafa kennt a. m. k. 1 ár undir eftirliti með viðunandi árangri.

III. Skotland.

Karlmenn byrja að kenna 21½—23, en konur 21½—22 í barnaskólunum, en til þess að fá full kennararéttindi í barnaskólunum þurfa karlmenn „Teachers' General Certificate“ + háskólapróf og konur „Teachers' General Certificate“, sem krefst 3—4 ára kennsluþjálfunar.

Í miðskólum byrja karlmenn og konur að kenna 21½—23 ára, en til þess að öðlast full kennararéttindi þarf „Teachers' General Certificate“. Einnig eru auknar kröfur gerðar til miðskólakennara.

IV. Bandaríkin.

Í barnaskólum og framhaldsskólum byrja kennarar kennslu 21—23 ára gamlir. Í flestum ríkjanna þarf B.A.-gráðu til þess að geta fengið „Initial Teachers' Certificate“, sem er nauðsynlegt til þess að fá full réttindi sem kennari í barnaskólum. Framhaldsskólakennarar þurfa auk þess 1 árs undirbúning að loknu háskólanámi til þess að fá „Initial Teachers' Certificate“.

V. Noregur.

Lágmarksaldur kennara er 21 ár. Vanalega eru þeir þó orðnir 24 ára gamlir, þegar þeir byrja kennslu í barnaskólum.

VI. Ísrael.

Kennarar eru 20—22 ára gamlir, þegar þeir byrja kennslu í barnaskólum.

VII. Danmörk. (Samkv. lögum um menntun barnaskólakennara).

Í öðrum bekk hins almenna 4 ára kennaraskóla er hæfni nemenda dæmd, og þeir, sem óhæfir teljast til kennarastarfs, fá ekki að halda áfram námi.

Í stúdenteildum er þessi ákvörðun tekin, áður en námi 1. bekkjar lýkur. Kennaraskólarnir geta útilokað stúdenta, sem ekki hafa tekið nægilega gott próf að dómi kennaraskólans, og þá stúdenta, sem kennaraskólinn telur, að ekki séu fallnir til kennslu.

Í stúdenteildum kennaraskóla og stúdentakennaraskólum er nám í ensku, þýzku og/eða frönsku í beinu áframhaldi af stúdentsprófi máladeildar, en kennsla í stærðfræði og náttúrufræði í áframhaldi af stúdentsprófi stærðfræðideildar.

Skýrsla UNESCO.

II. Lönd, sem auk vanalegrar kennaramenntunar halda opnum leiðum frá barna-skóla og miðskóla, vanalega gegnum undirbúningskóla (kennaraskóla) til kennslustarfa. (Útdráttur).

Leið til að verða barnnaskólakennari aðeins.

	1.	2.	3.	4.	5.
Land.	Tegund skóla, aldursflokkar, sem á að kenna.	Skólaganga á undan undirbúnings-skóla fyrir kennarastarf.	Inntökuskilyrði í undirbúnings-skóla.	Nafn undirbúningskóla.	Lágmarksinntökuskilyrði í kennaraskóla.
Austurríki.	Barnaskóli 7—14 Efri bekkir barnaskóla 11—14 (Hauptschule).	8 ára barna- og unglinga-skóli.		Lehrer bildungsanstalt.	
Egyptaland.	Barnaskóli 6—12	6 ára barnaskóli og 3 ára undirbúningskóli.	Miðskólapróf.	General and Rural School for teachers.	
Pólland.	Barnaskóli 7—13	Barnaskóli.	Meðmæli kennara og annarra, inntökuþróf í músík, pólsku, stærðfræði og ræðuhöldum. Inntökuskilyrði í samráði við kennaraskóla, kennarafél. og skólayfirvöld.	Pedagogical Lyzeum.	Burtfararþróf úr framhaldsskóla, meðmæli og inntökuþróf.
Júgóslavía.	Skóli fyrir yngri börn 7—10 Skóli fyrir eldri börn 11—14	8 ár í barna- og unglinga-skóla.	Burtfararþróf úr lægri framhaldsskóla.	Präparandie.	Stúdentsþóf frá menntaskóla eða Präparandie.

	1.	2.	3.	4.	5.
Frakkland.	Barnaskóli 6—14	3 ára framhaldsskóli eða framhaldsnámskeið.	Samkeppnispróf.	Kennaraskóli.	Stúdentspróf.
Írland.	Barnaskóli 7—14		Aldur 13—15 og inntöku- próf.	Preparatory college 4 ár.	Framhalds- skólapróf (írska, enska, stærðfræði, saga, landa- fr.), munnl. próf í söng, írsku og ræðuhöldum.
Ítalía.	Barnaskóli 6—10	Skólaganga til 13 ára	Lokið miðskóla.	Instituto magistrale	Stúdentspróf.
	Aldur 11—18				

Úr skýrslu UNESCO (1959).

3. tafla. Kennarastarf sem lífsstarf.

(Útdráttur).

„Noregur. Flestir kennarar barnaskólanna gera kennslu að ævistarfi sínu. Sumir þeirra líta á kennaraskóla sem undirbúning að háskólanámi eða öðru sérnámi. Þar eð kennarapróf er í háskóla metið til jafns við 1½ ár af háskólanámi, er kennarapróf nokkur byrjun á háskólanámi fyrir þá, sem áhuga hafa á því að verða kennarar við framhaldsskóla. Af þessum ástæðum hverfa sumir kennarar frá barnaskólunum til þess að verða kennarar við framhaldsskóla eða kennaraskóla.

Bandaríkin. Kennslustarfið verður að keppa um vinnukraft við önnur starfs svið, sem krefjast menntunar eftir gagnfræðaskóla (high school). Áætluð fækkun þeirra nemenda, sem menntaðir eru til kennaraprófs, er 17% að því er snertir barnakennara og 35% af framhaldsskólakennurum, vegna þess að þeir ganga ekki í kennarastéttina að loknu kennaranámi. Árlega hverfa 9—10% af reyndum kennurum frá kennarastarfi af öðrum ástæðum en heilsubresti eða vegna hámarksaldurs. Auk þess sem kennslukonur hætta störfum, þegar þær giftast og kennarar taka fyrir önnur störf, halda sumir þeirra kennara, sem hverfa frá barnaskólum og framhaldsskólum, áfram við frekara nám og kenna við æðri menntastofnanir af einu eða öðru tagi.“

Um flest önnur lönd getur 3. tafla í skýrslu UNESCO ekki um annað fráhrarf frá kennarastarfi en það, sem stofnunin telur mjög eðlilegt. Um *Bretland* er þess getið, að kennarar við framhaldsskóla taki stundum að sér störf í þágu skipulagningar skólamála eða æskulýðsstarfsemi, eða þá að þeir verði kennarar við æðri menntastofnanir, svo sem háskóla eða kennaraskóla, hvað háskóla snertir, einkum í uppeldisfræði og sálarfræði. Þess er einnig getið, að margar kennslukonur giftist og hætti kennslu um tíma eða algerlega.

Úr skýrslu UNESCO (1959).

4. tafla. Sérstakar leiðir til að bæta úr kennaraskorti.

(Útdráttur).

Skotland. Í mörg ár hefur verið til áætlun um fjölgun kennara eftir sérstökum leiðum. Takmark þessarar áætlunar hefur verið að velja úr, eftir viðræðum við umsækjendur, þá, sem líklegir væru til að gegna kennarastörfum, enda séu þeir ekki eldri en 45 ára og hafi, eftir að þeir luku skólanámi, haft fullt starf að minnsta kosti 2 ár. Samkvæmt áætluninni skal reynt að útvega þessum umsækjendum styrk til þess að gera þeim kleift að búa sig undir kennaraskóla, tækniskóla eða háskóla í því skyni að stunda nám við einhverja af þessum stofnunum og fá að lokum kennararéttindi með prófi frá einhverri af þrem ofangreindum stofnunum. Margir góðir nýliðar í kennarastétt hafa fengið menntun sína á þennan hátt. Áætlun þessi er framkvæmd af A Central Selection Board (dómnafnd til að velja úr umsækjendum), sem fulltrúa fyrir Kennaraskólaráð Skotlands.

Bandaríkin. Sum ríkjanna reyna að fá nýja kennara meðal húsmæðra, sem hafa fengið einhvern undirbúning, áður en þær giftust, en hafa ekki gerzt kennarar eða hafa hætt kennslu, þegar þær giftust.

Meðalaldur þessa hóps er 35—40 ár.

Frakkland. Varakennarar hafa verið þjálfaðir fyrir barnaskólann til að tryggja það, að forfallakennarar væru tiltækir, í veikindaföllum reglulegra kennara eða í förföllum kennslukvenna vegna barnsfæðinga. Þessir forfallakennarar eru flestir stúdentar, sem hafa ekki fengið inngöngu í eða hafa ekki sótt um inngöngu í kennaraskóla. Þeir geta orðið fullgildir kennarar eftir h. u. b. fjögurra ára starf sem

forfallakennarar, nám í uppeldisfræði og verkleg og bókleg próf fyrir Certificat d'Aptitude Pédagogique (skirteini um kennarahæfni).

Reyndin er sú, að margir forfallakennarar sitja til langframa í kennarastöðum, sem ekki er skipað í. Það hefur jafnvel verið nauðsynlegt að velja forfallakennara meðal umsækjenda, sem ekki hafa stúdentspróf.

Í öðrum löndum, sem þessi tafla fjallar um, Ísrael, Júgóslavíu og Egyptalandi, eru allar aðstæður svo gerólikar íslenskum aðstæðum, að naumast er ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir kennaramenntun í þessum löndum — að því er snertir sérstakar ráðstafanir. (4. tafla).

Viðbótarupplýsingar um löndin í skýrslu UNESCO, II.

I. Austurríki.

1. Kennaraskólinn (Lehrerbildungsanstalt) tekur við nemendum 14 ára gömlum, sem hafa lokið Hauptschule, og kennir þeim í 5 ár. Þá fá þeir svokölluð „Zeugnis der Reife“, verða að kenna með fullnægjandi árangri í 2 ár og taka kennarahæfnipróf (Lehrbefähigungsprüfung), áður en þeir öðlast réttindi til fastrar stöðu við barnaskóla (Volksschule).

Þeir, sem lokið hafa „Lehrerbildungsanstalt“, hafa sömu réttindi til framhaldsmenntunar eins og þeir, sem lokið hafa „Realgymnasium“, þ. e. rétt til háskólanáms.

Til þess að öðlast réttindi til kennslu í „Hauptschule“ (11—14) þarf áður nefnda menntun, 3 ára kennslustarf og undirbúningsnámskeið + 2 ára kennaraskólanám (þá eru nem. 22—24 ára) og kennarahæfnipróf fyrir „Hauptschule“.

2. Kennslukonur í handavinnu stúlkna og heimilishaldi fá 3 ára menntun í sérstökum skóla. Að loknu þessu námi og hæfnisprófi fá þær kennararéttindi í barnaskólum.

Eftir að hafa kennt við skóla í 20 mán. geta þær að afloknu nýju hæfnisprófi fengið kennararéttindi í þessum námsgreinum í „Hauptschule“ (11—14 ára bekkjum). Námsmeyjar eru teknar 15 ára gamlar til þessa kennaranáms.

II. Írland.

Eftir veru sína í undirbúningsskólanum (preparatory college) í 4 ár geta nemendur, að afloknu burtfararprófi framhaldsskóla (sec. schools), komið inn í kennaraskóla 17—19 ára gamlir. Námið í kennaraskólanum tekur 2 ár, svo að kennarar eru 20—21 árs, þegar þeir byrja að kenna.

Þeir, sem ekki hafa verið í undirbúningsskólanum, geta lokið samkeppnisprófi í sömu greinum og hinir, þegar þeir eru 17—21 árs — og ef þeir uppfylla sömu skilyrði, fá þá sömu réttindi.

Nefnd á viðtöl við alla umsækjendur um kennaraskóla, og aðeins þeir, sem nefndin telur hæfa sem kennaraefni, fá inngöngu í skólann.

Háskólakandidatar þurfa aðeins að vera eitt ár í kennaraskóla. Þeir verða að uppfylla öll sömu skilyrði og aðrir umsækjendur. Aldurstakmark 17—28.

Til undirbúnings undir kennarastarf við sérskóla fyrir starf (vocational schools) þurfa kennaraefni að afla sér háskólagráðu eða prófs frá sérstökum skólum í þessum kennslugreinum. Inntökuskilyrði í þessa skóla er stúdentspróf. Náms tími er vanalega 3—4 ár.

Kennarar í heimilisstörfum (domestic science), líkamsrækt (physical education) og listum (art) við menntaskóla þurfa að hafa sömu menntun og þeir, sem kenna við sérskóla.

Hve gamlir kennarar eru vanalega, þegar þeir byrja kennslu í barnaskólum: Austurríki 19 (í efri bekkjum 24), Belgíu 19 (í efri bekkjum 20—21), Egyptalandi 17 (í efri bekkjum 20), Póllandi 19—21, Júgóslavíu 20—22, Frakklandi 20—21, Írlandi 19—21, Ítalíu 18 (síðar í efri bekkjum).

Fylgiskjal III.

KENRARASKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 13. nóv. 1962.

Hér með sendi ég yður, herra ráðuneytisstjóri, álitserð nefndar, sem kvödd hefur verið til að gera tillögur um tímaskiptingu og námsefni til stúdentsprófs, sem ráðgert er við Kennaraskóla Íslands.

Broddi Jóhannesson.

Til ráðuneytisstjóra Birgis Thorlacius,
Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Álitserð um stúdentspróf við Kennaraskóla Íslands.

Nefnd, sem kvödd hefur verið til að gera tillögur um tímaskiptingu og námsefni til stúdentsprófs, sem ráðgert er við Kennaraskóla Íslands, hefur komið sér saman um svofellda álitserð:

Nefndin hefur athugað tímaskiptingu milli einstakra námsgreina, sem hér skipta máli, við stærðfræðideild og máladeild Menntaskólans í Reykjavík, svo og fjölda kennslustunda í sömu greinum til kennaraprófs og auk þess í uppeldisgreinum, sem sumar hverjar að minnsta kosti kæmu til greina sem námsgreinar til stúdentsprófs. Skiptingu þessa má sjá á eftirfarandi töflu:

Námsgreinar	Menntaskólinn		Kennaraskólinn
	stærðfræðideild	máladeild	
Íslenska	17	17	20
Danska	7	8	10
Enska	10	19	10
Þýzka	12	14	9
Saga	11	12	8
Náttúrufræði	9	9	8
Eðlis- og efnafræði	21	6	4
Stærðfræði	24	11	7
Latína	4	18	
Franska	8	11	
Uppeldisgreinar			
(Uppeldis- og sálafr.	7		
skólas.	2		
kennslufr.	6		
kennsluæf.	6		21

Nefndin leggur til, að við Kennaraskóla Íslands verði komið upp einni bekkjardeild, sem búi þá nemendur skólans, sem lokið hafa kennaraprófi með I. einkunn, undir stúdentsprófi, sem sé með nokkuð öðru sniði en nú tíðkast við menntaskólana, en sé þó sambærilegt að þyngd. Nefndin gerir ráð fyrir, að flestir stúdentar úr Kennaraskólanum leggi stund á háskólanám, sem miði að kennslustörfum, ýmist í hugvísindum eða raunvísindum, og leggur því til, að í bekkjardeildinni verði valfrelsi milli latinu annars vegar, en eðlis- og efnafræði hins vegar. Kostnaðarauki við slíkt valfrelsi er óverulegur, samsvarar 6 vikustundum. Ætla má, að þróunin verði sú með tímanum, að bekkjardeildir verði tvær og yrði þá enginn kostnaðarauki. Ef latinu yrði algerlega sleppt, hefði það í för með sér, að margir þeirra nemenda, sem stunduðu háskólanám í hugvísindum, yrðu að stunda aukánám í háskóla annaðhvort á eigin kostnað eða á kostnað skólans. Ef hins vegar eðlis- og efnafræðikennsla yrði skorin við nögl, gerði það þeim nemendum, sem byggju sig undir kennslu í raunvísindum, erfitt fyrir.

Tímaskipting í bekkjardeildinni yrði, samkvæmt tillögum nefndarinnar, sem hér segir:

	Stundir	
Enska	7	
Þýzka	5	
Þjóðfélagsfræði	4	
Náttúrufræði	5	
Eðlis- og efnafræði	6	fyrir þá, sem ekki taka latínu.
Stærðfræði	4	
Latína	6	fyrir þá, sem ekki taka eðlis- og efnafræði.

Fyrir skýrleika sakir og til samanburðar við menntaskólana skal endurtekin fyrri tafla og bætt við tímaskiptingu í stúdentabekk Kennaraskólans:

Námsgreinar	Menntaskólinn		Kennarask.	Kennaraskólinn	
	st.fr.d.	málad.		framh.deild miðuð við hugvísindi	framh.deild miðuð við raunvísindi
Íslenska	17	17	20 ÷ 1 ¹⁾	(A)	(B)
Danska	7	8	10 ÷ 1 ²⁾		
Enska	10	19	10 + 2 ³⁾	7	7
Þýzka	12	14	9	5 + 1 ⁴⁾	5 + 1 ⁵⁾
Saga	11	12	8	4 (þjóðf.)	4
Náttúrufræði ...	9	9	8	5	5
Eðlis- og efnafr.	21	6	4	0	6
Stærðfræði	24	11	7	4	4
Latína	4	18		6	0
Franska	8	11			
Uppeldisgreinar			21		

Að öðru leyti vill nefndin taka þetta fram:

1. Nauðsynlegt er, að námsefni Kennaraskólans í eftirtöldum greinum sé sambærilegt að þyngd við námsefni í máladeildum menntaskólanna: í íslenzku, dönsku, ensku og þýzku. Einkunnir í íslenzku og dönsku á kennaraprófi verði taldar með í stúdentsprófseinkunn.
2. Eins og framan greind tafla ber með sér, gerir nefndin ekki ráð fyrir kennslu í sögu í framhaldsdeildinni. Telur hún hina miklu kennslu í þessari grein á gagnfræðastiginu og í Kennaraskólanum nægja. Í þess stað leggur hún til, að kennd verði þjóðfélagsfræði og ef til vill hagfræði, ef tími vinnst til. Hins vegar þykir rétt, að sögueinkunn við kennarapróf leggist við þetta próf.
3. Í náttúrufræði telur nefndin, að leggja eigi áherzlu á líffræði og lífeðlisfræði og þar eigi nám að vera verklegt, eftir því sem við verður komið.
4. Í stærðfræði telur nefndin, að leggja eigi áherzlu á tölfræði („statistik“).
5. Í eðlis- og efnafræði kæmi til greina að leggja áherzlu á þróun hugmynda í þessum fræðigreinum á svipaðan hátt og nú er farið að tíðkast í amerískum skólum.
6. Einkunnir í sálarfræði og uppeldisfræði, þar með talinni kennslufræði, við kennarapróf skulu taldar með á stúdentsprófi.

Reykjavík, 9. nóv. 1962.

Freysteinn Gunnarsson.

Halldór Halldórsson.
Broddi Jóhannesson.

Guðm. Arnlaugsson.

-
- 1) Breytt af nefndinni úr 20 í 19 std.
 - 2) Breytt af nefndinni úr 10 í 9 std.
 - 3) Breytt af nefndinni úr 10 í 12 std.
 - 4) Breytt af nefndinni úr 5 í 6 std.
 - 5) Breytt af nefndinni úr 5 í 6 std.

Fylgiskjal IV.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Rektor

Reykjavík, 15. febr. 1963.

Drög til frumvarps um Kennaraskóla Íslands.

Hæstvirt ráðuneyti hefur beiðzt umsagnar háskólaráðs um drög til frv. um Kennaraskóla Íslands. Háskólaráð ákvað á fundi sínum 6. des. s. l. að óska álits deildanna á málinu, áður en því yrði ráðið til lykta í háskólaráði.

Ég samdi síðan greinargerð um málið, þar sem m. a. var lýst námsskrá hinnar fyrirhuguðu kennslu í framhaldsdeild Kennaraskólans samkv. því, sem um var rætt í nefnd þeirri, er fjallar nú um frumvarpið, svo og gerður samiburður á námsstundafjölda í því námi við námsstundir í menntaskólum og verzlunarskóla.

Eftir að háskólaráði bærust umsagnir deilda, sem ég leyfi mér að senda hjálaga, var málið ítarlega rætt á tveimur fundum háskólaráðs og gerð um það ályktun að efni til, sem fylgir bréfi þessu. Háskóladeildir hafa litið nokkuð mismunandi á þetta mál. Guðfræðideild, heimspekideild og lagadeild telja stúdentsnám framhaldsdeildar veita viðhlítandi undirbúning að námi í deildunum, sbr. þó að samkv. 54. gr. háskóla-reglugerðar er stúdentspróf stærðfræðideildar áskilið til náms í efnafræði, eðlisfræði og stærðfræði til B.A.-prófs í þeim greinum, og naumast kemur til greina, að stúdentar frá Kennaraskólanum gætu stundað nám í latínu og frönsku til B.A.-prófa (þessi atriði eru ekki greind sjálfstætt í umsögn háskólaráðs). Viðskiptadeild telur, að æskilegt sé, að stúdentar þar búi yfir meiri stærðfræðipekkingu en máladeildarstúdentar, en vill þó ekki gera upp á milli síðastgreindra stúdenta og væntanlegra stúdenta frá Kennaraskóla Íslands. Læknadeild tekur í umsögn sinni ekki afstöðu til þess, hvernig hún myndi meta umsóknir frá væntanlegum stúdentum Kennaraskólans um inntöku í deildina, en ráða má af umsögninni, að hún telur þá ekki fullnægja eðlilegum þekkingarkröfum. Verkfræðideild telur að sjálfsgöðu væntanlega stúdenta frá Kennaraskólanum ekki fullnægja inntökuskilyrðum, og ekki eru horfur á, að hliðstæðum inntökuskilyrðum verði breytt í lyfjafræði lyfsala og í námi í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði til B.A.-prófa. Rétt er einnig að benda á, að við samningu á tillögum til kennslu í náttúrufræði á s. l. sumri var um það rætt að áskilja sem inntökuskilyrði meiri þekkingu í raunfræðum en er að vænta hjá máladeildarstúdentum.

Háskólaráð leyfir sér að leggja í umsögn sinni áherzlu á þörfina á endurskoðun á menntaskólanámi í heild. Háskólaráði er kunnugt um tillögur skólamálanefndar frá 1958, en telur, að það endurskoðunarstarf þurfi að taka upp að nýju og eðlilegast sé, að um það fjalli fulltrúar frá háskólaráði og menntaskólum.

Háskólaráð leyfir sér að vænta þess, að áður en reglugerð um Kennaraskóla Íslands verði gefin út, verði leitað umsagnar þess m. a. um námsskrá framhaldsdeildar.

Að öðru leyti er rektor falið að skýra viðhorf háskólaráðs og háskóladeilda í nefnd þeirri, er um málið fjallar.

Með sérstakri virðingu,

Ármann Snævarr,
rektor.

Til menntamálaráðherra, dr. Gylfa P. Gíslasonar, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

Stutt greinargerð um tengsl Kennaraskóla Íslands við Háskóla Íslands samkv. drögum til lagafrumvarps um Kennaraskóla Íslands.

1. Inntökuskilyrði í Kennaraskólann:

a. Landspróf.

b. Fullgilt gagnfræðapróf bóknámsdeildar (eftir 4 ára gagnfræðanám) með lágmarkseinkunn í tilteknum höfuðgreinum samkv. nánari ákvæðum reglugerðar.

2. Nám í Kennaraskóla fram að almennu kennaraprófi og samanburður á náms-efni til þess og til stúdentspróf frá menntaskólum.

Námið í kennaraskóla á samkv. hinum nýju tillögum að taka fjögur ár. Að verulegu leyti eru kenndar sömu námsgreinar og í menntaskólum, en þó eru t. d. hvorki kennd þar latína né franska. Áherzla er að sjálfsgöngu lögð þar á uppeldisgreinar, þ. e. sálarfræði, uppeldisfræði, skólasögu og kennslufræði, en auk þess eru kenndar þar landafræði, heilsufræði og kristin fræði, sem ekki eru á námsskrá menntaskóla. Námsstundir á viku eftir fjögurra ára nám í einstökum greinum kennaranáms og náms í stærðfræðideild og máladeild menntaskóla eru greindar í eftirfarandi töflu:

Námsgreinar	Menntaskólinn		Kennaraskólinn
	stærðfræðideild	máladeild	
Íslenska	17	17	19
Danska	7	8	9
Enska	10	19	12
Þýzka	12	14	9
Saga	8	12	8
Náttúrufræði	9	9	8
Eðlis- og efnafræði	21	6	4
Stærðfræði	24	11	7
Latína	4	18	
Franska	8	11	
Uppeldisgreinar:			
Uppeldis- og sálarfræði	7		
Skólasaga	2		
Kennslufræði	6		
Kennsluæfingar	6		
	21		21
Kristin fræði	6		
Heilsufræði	2		
Landfræði	4		12

3. 1 árs framhaldsdeild til að búa kennara undir stúdentspróf.

Lagt er til, að stofnuð verði framhaldsdeild, er hafi ofangreint hlutverk svo og að sérmennta kennara í einstökum greinum. Rétt til inngöngu hafi þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi með fyrstu einkunn 1965 eða síðar. Heimilt er þó að veita kennurum, sem fyrr hafa lokið prófi, rétt til að þreyta inntökuþróf í framhaldsdeild. Lokapróf úr framhaldsdeild er stúdentspróf, „og veitir það rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.“

Lagt er til, að framhaldsdeild starfi í tveimur hlutum, og sé annar miðaður við þá, sem hyggjast leggja stund á hugvísindi, en hinn fremur við þá, sem

leggja vilja stund á raunvísindi (ekki sízt í framhaldsnámi fyrir kennara í háskólanum). Í eftirfarandi töflu er lýst námsefni í deildinni, og til samanburðar er greint námsefni í menntaskólum:

Námsgreinar	Menntaskólinn		Kennarask.	Kennaraskólinn	
	stærðfræðid.	málad.		framh.deild A	framh.deild. B
Íslenska	17	17	19		
Danska	7	8	9		
Enska	10	19	12	7	7
Þýzka	12	14	9	6	6
Saga	8	12	8	4 (þjóðf.)	4
Náttúrufræði	9	9	8	5	5
Eðlis- og efnafræði ..	21	6	4	0	6
Stærðfræði	24	11	7	4	4
Latína	4	18		6	0
Franska	8	11			
Uppeldisgreinar			21		

Samkvæmt þessum tillögum hafa þeir kennarar, er ljúka stúdentsprófi, stundað nám í 5 ár frá landsprófi (a. m. k. vel flestir þeirra).

Beiðzt er umsagnar deildarforseta og háskóladeilda um þessar tillögur, bæði almennt og sérstaklega að því er varðar hverja einstaka deild og námsefni og námskröfur hennar.

10. des. 1962.

Ármann Snævarr.

Fylgiskjal VI.

Umsögn háskólaráðs um frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands.

Háskólaráð getur í meginatriðum fallið á þá tilhögun, sem í frumvarpinu felst, að því er varðar tengsl Kennaraskólans við Háskólann, en tekur þó undir breytingartillögur heimspekideildar. Um viðhorf einstakra háskóladeilda vísar háskólaráð til umsagnar deildanna um áðurgreint frumvarp, og fylgja þær skjali þessu.

Bent er á, að væntanlegir stúdentar frá Kennaraskólanum fullnægja hvorki inntökuskilyrðum í verkfræðideild né í lyfjafræði lyfsala, þar eð krafizt er stúdentsprófs stærðfræðideildar til skráningar í þessum greinum. Enn fremur er bent á, að nám til B.A.-prófs er í endurskoðun, og má vera, að áskilið verði frekara undirbúningsnám í raunfræðum til náms í nokkrum B.A.-greinum en frumvarpið gerir ráð fyrir. Að lokum skal vakin athygli á umsögn læknadeildar og því, að oft hefur verið um það rætt að krefjast sem inntökuskilyrðis í þá deild meiri þekkingar í a. m. k. eðlis- og efnafræði en nú er að vænta hjá máladeildarmönnum.

Háskólaráð telur æskilegt að gera undirbúningsnám undir háskólanám fjölbreytilegra en nú er. Telur háskólaráð brýna nauðsyn bera til þess að efna sem fyrst til allsherjarendurskoðunar á námi í menntaskólum og öðrum skólum, er rétt hafa til að brautskrá stúdenta, og sé þá m. a. tekið til athugunar að stofna til náttúrufræðilegra og félagsfræðilegra og e. t. v. tæknifræðilegra deilda. Enn fremur sé tekið til könnunar, hvort það sé heppileg tilhögun að hafa skyldubundna kennslu í jafnmörgum tungumálum og nú tíðkast, og yfirleitt sé kannað, hvort unnt sé að skapa nemendum nokkurt kjörfrelsi innan tiltekinna flokka námsgreina. Stefnt sé að því að hagnýta nútímakennslutækni, svo sem frekast eru föng á. Athugað sé enn fremur, á hvaða aldri sé heppilegast, að menn ljúki stúdentsprófi.

Það hefði að dómi háskólaráðs verið æskilegt, að slík endurskoðun lægi fyrir, áður en stofnað var til stúdentsnáms við Kennaraskóla Íslands. Háskólaráð telur sig þó geta tekið afstöðu til málsins á þessu stigi í trausti þess, að stofnað verði til framangreindrar endurskoðunar, enda verði þá væntanlegum lögum breytt með hliðsjón af niðurstöðum slíkrar endurskoðunar, ef því er að skipta.

Háskólaráð leggur að lokum áherzlu á, að ekki verði hafizt handa um neina þá kennslu í Kennaraskóla Íslands, sem fari í bág við það hlutverk Háskóla Íslands að sjá kennurum í skólum gagnfræðastigs fyrir undirbúningsmenntun eftir að námi lýkur í skólum, er rétt hafa til brautskráningar stúdenta.

Að þessu athuguðu getur háskólaráð fallizt á tilhögun frumvarpsins, að því er tengslin varðar við Háskólann, og á þá námsskrá, sem samin hefur verið á grundvelli þess.

Fylgiskjal VII.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

— Guðfræðideild —

Reykjavík, 17. jan. 1963.

Ég leyfi mér að senda yður, herra rektor, álitsgjörð guðfræðideildar vegna frv. um Kennaraskóla Íslands, að því er tekur til tengsla Kennaraskólans við Háskólann.

Á fundi sínum 18. des. 1962 samþykkti deildin eftirfarandi: „Guðfræðideildin mælir með því, að þessi greinargerð („greinargerð rektors um tengsl K. Í. við H. Í., dags. 10. des. 1962“) verði lögð til grundvallar lagafrv. og hljóti það frv. samþykki.

Deildin bendir á, að æskilegt væri, að á stúdentsprófsskírteini séu taldar greinarnar í töflu II í greinargerð rektors, en auk þeirra einnig greinarnar í töflu I, sem sleppt er, þ. e. kristin fræði, heilsufræði og landafræði.“

Virðingarfyllst,

Þórir Kr. Þórðarson,
deildarforseti.

Til rektors Háskóla Íslands.

Fylgiskjal VIII.

Álit læknadeildar um lagafrumvarp um Kennaraskóla Íslands.

Deildin telur, að væntanlegum stúdentum frá Kennaraskólanum verði því aðeins veitt inntaka í læknadeild, að þeir hafi staðizt próf í náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og latínu, sem geri ekki minni kröfur en samsvarandi próf við Menntaskóla Reykjavíkur.

Læknadeild telur, að stofnun framhaldsdeildar við Kennaraskóla Íslands ætti að gefa tækifæri til að útskrifa stúdenta, sem væru hæfir til háskólanáms í hinum ýmsu greinum náttúruvísinda. Slíkt háskólanám væri m. a. miðað við að undirbúa menn til kennslu við miðskóla.

Framhaldsdeild við Kennaraskóla Íslands yrði því að leggja megináherzlu á kennslu í almennri náttúrufræði, stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði.

Fylgiskjal IX.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

— Lagadeild —

Reykjavík, 6. febr. 1963.

Um tengsl Kennaraskóla Íslands við Háskóla Íslands.

Deildarkennarar hafa kynnt sér greinargerð um ofangreint mál og drög að frumvarpi um Kennaraskóla Íslands. Þeir hafa orðið sammála um að láta uppi svofellt álit:

Undanfarið hefur það tíðkast nokkuð, að nýir skólar hafa fengið réttindi til þess að brautskrá stúdenta. Þá hefur og námsefni hinna eldri menntaskóla verið nokkuð breytt og þeim skipt í deildir.

Stúdentspróf veitir almennt rétt til innritunar til náms í deildum Háskóla Íslands, sbr. þó 30. gr. háskólareglugerðar. Hér geta því skapast og hafa skapast nokkur vandamál fyrir Háskólann og þá einkum um það, hver afstaða hans eigi að vera í þessum efnum. Svipuð vandamál koma og til um erlenda stúdenta, þótt hegðunarvald Háskólans sé þar rýmra.

Þetta vandamál allt þarf að taka til gagngerðrar athugunar, og er því varhuga-vert að halda lengra á þeirri braut, sem farin hefur verið. Að gefnu því tilefni, sem hér er um að ræða, vill deildin vekja athygli háskólaráðs á þessum almennu sjónarmiðum.

Um frumvarpið sjálft og samband þess við lagadeildina sérstaklega er það álit hennar, að náms- og prófkröfur þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, fullnægi sæmi-lega þeim kröfum, sem deildin verður að gera, og ekki verr en sumir skólar, er rétt hafa til þess að brautskrá stúdenta.

Rektor, sem er einn deildarkennara, hefur stöðu sinnar vegna óskað þess að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins innan deildar.

Virðingarfyllt,

Theodór B. Líndal,
deildarforseti.

Til háskólaráðs.

Fylgiskjal X.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

— Heimspekideild —

Reykjavík, 17. jan. 1963.

Hér með sendi ég yður, herra rektor, umsögn heimspekideildar um Frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands. Deildin samþykkti með 6 atkv. gegn 1 að mæla með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum.

Próf. Þórhallur Vilmundarson, sem atkvæði greiddi gegn samþykktinni, lagði fram eftirfarandi greinargerð og óskaði bókunar á henni:

„Þar sem ég undirritaður er andvígur þeirri stefnu í íslenskum skólamálum að veita ýmsum sérskólum, fyrst Verzlunarskóla Íslands og nú Kennaraskóla Íslands, rétt til að útskrifa stúdenta, tel þá stefnu af mörgum ástæðum varhugaverða, sé ég mér ekki fært að mæla með samþykkt frumvarps til laga um Kennaraskóla Íslands, sem lagt mun verða fyrir alþingi á 83. löggjafarþingi 1963.“

Virðingarfyllt,

Matthías Jónasson,
deildarforseti.

Til rektors Háskóla Íslands.

Athugasemdir við Frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands.

Heimspekideild Háskóla Íslands hefur athugað ofangreint lagafrumvarp og mælir með samþykkt þess, að tilskildum eftirgreindum breytingum. Jafnframt væntir deildin þess, að reglugerð kveði á um lágmarkskröfur í mikilvægum námsgreinum til stúdentsprófs, enda fái deildin á sínum tíma reglugerðarfrumvarpið til umsagnar.

2. gr., 3. málslíður: „Námskröfur til stúdentsprófs framhaldsdeildar skulu ...“ orðist þannig: Námskröfur til stúdentsprófs frá Kennaraskóla Íslands skulu ...

Síðar í sama málslíð: „... gilda til stúdentsprófs og fella þá niður annað námssefni ...“ orðist þannig: og fella þá niður innan takmarka, sem ákveðin eru í reglugerð, annað námsefni ...

5. gr., 2. málslíður: Niður falli „... enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur.“

Álíta verður að reglugerð ákveði lágmarkseinkunn í þeim námsgreinum, sem þörf þykir að ákveða um. Heimspekideild getur þó fallið á eftirfarandi orðalagsbreytingu á nefndum málslíð, enda þótt hún telji framangreint brottfall viðbótarinnar æskilegra. Í stað orðanna „enda gangi gagnfræðingar ...“ komi: ... ella þreyti gagnfræðingar viðbótarpróf í þeim greinum, þar sem ekki er fullnægt einkunna-kröfum reglugerðar.

5. gr., 4. málslíður orðist svo: Heimila má ... inngöngu í deildina, en vilji þeir þreyta stúdentspróf, skulu þeir ljúka viðbótarprófi, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

5. gr., lokamálslíður, orðist þannig: ... og öðrum matsaðferðum. Sá úrskurður undanþiggur nemendur þó ekki ofangreindum inntökuskilyrðum. Ákveða má ...

7. gr., 1. málslíður: „... ef þörf krefur“ falli brott.

15. gr.: „... og allt, sem henni við kemur“ falli brott.

23. gr. — falli undir V. Handavinnudeild.

25. gr., málsgreinarlok: „... eftir því, sem þörf er á“ falli brott.

Varðandi 2. gr., 3. málslíð, 2. málsg. leyfir deildin sér að benda á þetta: Eðlilegra væri, að deild sú, sem lýkur með stúdentsprófi, héli menntadeild. Hins vegar verði sú deild nefnd framhaldsdeild, sem ætlað er það hlutverk að veita nemendum framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Samkvæmt því yrði undirbúningsdeild sérnáms 5. deildin.

Í 15. gr. er óljóst kveðið á um stöðu skólastjóra Kennaraskólans í stjórn Æfingaskólans. Æskilegt virðist, að vald og ábyrgð hvors skólastjóra um sig væri nánar ákveðin.

Fylgiskjal XI.

Athugasemdir varðandi Kennaraskóla Íslands frá verkfræðideild Háskóla Íslands.

Verkfræðideildin hefur haft til athugunar greinargerð háskólarektors, dags. 10. 12. 1962, um tengsl Kennaraskóla Íslands við Háskóla Íslands samkv. drögum til lagafrumvarps um Kennaraskóla Íslands. Svo sem beiðzt er í lok greinargerðar þessarar, leyfir deildin sér að senda nokkra umsögn.

Deildin hefur og fengið í hendur frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands, lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63. Í frumvarp þetta vantar ýmis atriði, sem í greinargerðinni eru, og er þeim að líkindum ætlaður staður í reglugerð. Þar eð þau skipta miklu máli, hlýtur deildin að taka tillit til þeirra í umsögninni, sem því er einkanlega miðuð við greinargerð rektors.

Er fjalla skal um tengsl milli starfssviða Kennaraskóla Íslands og verkfræðideildarinnar, telur deildin rétt að hafa í huga eftirfarandi atriði:

Í því frumhlutverki sínu að veita sérfræðingum háskólamenntun styðst verkfræðideildin beint við stúdentsmenntun í meira mæli en flestar eða allar aðrar deildir háskólans. Deildin lítur svo á, að hún hafi einnig almennara hlutverk að rækja í tækni- og raunvísindapróun þjóðarinnar. Fyrir hina hærri menntun á því sviði varða auðvitað miklu hinar stærð- og náttúrufræðikenndu greinar menntaskólanna, en einnig ýmsar aðrar. Skal hér nefnt, að íslenskum raunvísindamönnum er nauðsynleg allmikil kunnátta í lifandi tungumálum, fyrst til að afla sér þekkingar í greinum sínum og þó enn frekar til að fylgjast með í þeim. Auk Norðurlandamála skal hér telja a. m. k. ensku, þýzku og frönsku, og nú orðið jafnvel rússnesku. Enn er þess að sjálfsögðu að gæta, að meðferð raunvísindagreina á barna- og miðskólastigum hlýtur að orka mjög á áhuga og tök nemenda á greinum þessum á hærri námsstigum. Þá er sá hópur ekki lítill, og mun mjög vaxa, sem grundvallar starfskunnátta sína á raunvísindagreinum án þess að taka stúdentspróf. Og loks leiðir af hinu mikla gildi raunvísinda í lífi allra þjóða nú á tímum, að aukin þekking á þeim telst sjálfsagður hlutur í almennri menntun, einnig þeirra, sem ekki geta kennt starf sitt við þau.

Ætla verður, að tækni- og raunvísindi muni bráðlega valda enn skarpari þátta-skilum í menningu Íslendinga en enn eru orðin. Jafnframt því, sem verkfræðideildin vinnur að eflingu þessara greina í þjóðlífinu, telur hún sér skylt að gefa gaum að vandamálum, sem þeirri eflingu eru samfara, og að láta sig varða aðra þætti uppeldis og fræðslu, sem nauðsynlegir teljast til fjöhlíða þroska og menningarjafnvægis.

Breyttir atvinnu-, byggðar- og heimilishættir, ásamt auknum samskiptum við aðrar þjóðir, munu á næstu tímum færa kennarastétt landsins ekki aðeins aukin, heldur og mjög breytt verkefni. Hlýtur kennaraskólanum að verða ætlaður hér mikill hlutur. Auk hinna stöðugu þarfa á að ráða betur en áður við gömul og varanleg viðfangsefni, þarf hann að heina mikilli hugkvæmni og orku að nýjum vandamálum. Í gerð skólans þarf því að ætla aðlögun og framsýni rúm eigi síður en hefðbundnu námsefni og venjum.

Skal nú vikið nánar að einstökum atriðum.

1) Verkfræðideildin er hlynnt því, að fleiri leiðir verði opnar að stúdentsprófi en nú er, og telur, að meiri fjölbreytni í námsefni komi mjög til greina. Að sjálfsögðu þarf að hyggja vel að því fyrirfram, í hvaða notum hver tegund stúdentsmenntunar er tekin upp og þá ekki sízt til hvaða háskólanáms hún hentar. Annar hluti framhaldsdeildar kennaraskólans virðist eiga að kennast við raunvísindi, og verður það að teljast villandi. Um hinn deildarhlutann, þar sem latína yrði erfiðasta námsgreinin, skal ekki rætt hér. En fullyrða má, að námsefni „raunvísinda-deildar“ í stærð-, eðlis- og efnafræði hlýtur að verða það naumt, að verkfræðideildin myndi ekki telja sig geta tekið við stúdentum þaðan til verkfræðináms án mikils aukalegs undirbúnings. Hið sama mun og eiga við um aðgang að hinu svo nefnda B.A.-námi háskólans í stærðfræðikenndum greinum og einnig um aðgang að námi í slíkum greinum, þar með talinni verkfræði, við háskóla nálæggra landa. Verkfræðideildin telur sér og rétt að benda á, að til læknaprófs við háskóla þessara landa eru yfirleitt gerðar talsverðar kröfur um kunnátta í eðlisfræði. Verði svipaðar kröfur teknar upp hér, stæðu stúdentar Kennaraskólans ekki vel að vígi, og a. m. k. stúdentar „hugvísindadeildar“ mjög illa.

2) Undirbúningur til kennslu í barna- og unglingaskólum skal fara fram í hinni almennu kennaradeild. Auk þess má vænta, að fyrst um sinn a. m. k. verði kennsla út miðskólastigið, og jafnvel út gagnfræðastigið, að verulegu leyti í höndum manna með þennan undirbúning einan. Deildin álitur, að þær núverandi námsgreinar þessara námsstiga, sem mest er áfátt um kennslu í, séu náttúru- og eðlisfræði, og e. t. v. stærðfræði í hinum efstu bekkjum. Síni- og tilraunakennsla mun lítil og oft engin og vettvangskennsla í náttúrufræði, sem hvað líklegust er til áhugavakningar, mun vanta að kalla. Vart verður séð af frumvarpinu eða greinargerðinni, hver stefna

nú skal mörkuð í meðferð þessara kennslugreina, en ekki verður talið, að þeim sé ætlað mikið rúm í hinni almennu kennaradeild. Eðlis- og efnafræði fá aðeins 4 vikustundir; að vísu verður að miða við það, að nemendur hafi nokkra eðlisfræðikunnáttu fyrir, en þetta verður þó mjög tæpur undirbúningur fyrir þá, sem þurfa að kenna greinina síðar. Sérstaklega í náttúru-, eðlis- og efnafræði eru talsverðar kennsluæfingar við góða handleiðslu nauðsynlegar. Ekki verður séð, hvort nokkuð skuli kennt í stjórnufræði, og á það eins við um framhaldsdeildina; væri óviðkunnalegt, að sú kennsla yrði alls engin. Vænta verður, að jarðeðlisfræði verði nokkuð kennd í sambandi við landafræði.

3) Á hið almenna skólakerfi munu leggjast auknar kvaðir um undirbúning til ýmissa félagslegra samskipta. Nefna má hér raunhæf verkefni í frágangi opinberra eða almennra plagga, leiðbeiningar um almennar umræður, fræðslu um atvinnugreinar, framleiðslu og viðskipti. Hér má og bæta við umsjón og leiðsögn kennara við leiki og skemmtanir nemenda, leiðbeiningar við nemendur og heimili um ýmis áhuga- og vandamál, o. fl. þ. h. Þessi störf, sem nú geta verið talsverð, munu fara vaxandi. Sýnist þarflegt, að kennaraskólinn veiti nemendum sínum tilsögn í því að vinna slík störf.

4) Í tækniþróuðu þjóðfélagi er farsæleg notkun tómsunda mikilvægt mál. Að henni þarf að leggja drög þegar á barns- og unglingsaldri, og verða einhvers konar skólar að eiga í því mestan þátt, skapa áhuga og veita tilsögn í heppilegri tómsundasýslu af margvíslegu tagi. Margt af þessu hlýtur að vísu að verða falið sérkennurum, en einnig almennir kennarar þurfa að vera hér liðtækir. Til þess að svo megi verða, þurfa þeir sjálfir að hafa notið góðrar kennslu í þessum efnum.

5) Ákvæði 2. gr. frumvarpsins um framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi væru verð nokkurrar athugunar. M. a. væri æskilegt að glöggva sig á afstöðu þess náms til B.A.-náms háskólans. En óhægt er að geta sér til um framkvæmd þess út frá orðum frumvarpsins einum saman.

Vegna smæðar raunvísindagreina í námsáætlun Kennaraskólans er hætt við, að ráðstöfun kennslu í þeim geti orðið nokkuð á reiki. Til góðs árangurs þarf hér að sjálfsögðu bæði góða kunnáttu og eðlishæfni kennarans. Í samanburði við þessi atriði skiptir nám í uppeldisfræði, sem krafizt er af föstum kennurum í 11. gr., minna máli.

Verkfræðideildin þakkar háskólarektor fyrir að hafa gefið henni kost á að kynna fyrirlunum um Kennaraskóla Íslands og tjá nokkur viðhorf sín til þessarar mikilsverðu stofnunar.

Mál þetta var rætt á fundi verkfræðideildar 18. des. 1962 og aftur á fundi 3. jan. 1963, þar sem framanskráð umsögn var samþykkt.

Reykjavík, 3. jan. 1963.

Virðingarfyllst,

Leifur Ásgeirsson,
deildarforseti.

Háskólarektor, prófessor Ármann Snævarr.

Fylgiskjal XII.

HÁSKÓLI ÍSLANDS Viðskiptadeild.

Reykjavík, 12. janúar 1963.

Umsögn um tillögur um Kennaraskóla Íslands.

Viðskiptadeild hefur falið mér að taka afstöðu fyrir deildina.

Til innritunar í viðskiptafræði er eingöngu krafizt stúdentsprófs, án nokkurra skilyrða um lágmarkseinkunn í sérstökum námsgreinum.

Þær kennslugreinar menntaskólastígs, sem mikilvægastar eru til undirbúnings námi í viðskiptafræðum og hagfræði, eru stærðfræði, saga og nútímatungumál í nágrannalöndum. Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum um nám til stúdentsprófs í Kennaraskólanum yrði kennsla í þessum greinum að minnsta kosti jafnmikil og nú er í menntaskólum (að undanskilinni frönsku, sem litlu máli skiptir um undirbúning til viðskipta- og hagfræðináms).

Af þeim sökum getur viðskiptadeild fyrir sitt leyti ekki verið því móttfallin, að Kennaraskólinn útskrifi stúdenta, er nytu sömu réttinda og stúdentar frá menntaskólum.

Rétt er þó að taka fram, að vanþekking máladeildarstúdenta, væntanlegra kennaraskólastúdenta og jafnvel stærðfræðideildarstúdenta á stærðfræði háir kennslu í viðskiptadeild. Ef ekki verður ráðin bót á þessum skorti innan skamms, verður óhjákvæmilegt að hefja kennslu í stærðfræði í viðskiptadeild.

Mismunurinn á námsefni í framhaldsdeild A og framhaldsdeild B er sérstaklega athyglisverður. Hann er sá einn, að í stað 6 tíma latínukennslu í deild A eru 6 tímar í eðlis- og efnafræði í deild B. Mér virðist, að þetta beri vott um, að þeir, sem að undirbúningi tillagnanna standa, hafi ekki fullan skilning á því, hver undirbúningur hæfi bezt til háskólanáms í hinum einstöku fræðigreinum. Erlendis mun titt að greina á milli félagsvísinda og „humanities“. Hér á landi er þessum fræðafylkingum skipað í einn og sama flokk: hugvísindi. Má vel vera, að latína sé mikilvæg þeim, sem leggja stund á „humanities“, en að minni hyggju er latína alls kostar óþörf þeim, sem leggja stund á a. m. k. nokkrar helztu greinar félagsvísinda: sálfræði, félagsfræði og hagfræði. Fyrir þá, sem ætla að leggja þessar greinar fyrir sig, væri tímanum ólíkt betur varið til annarra námsiðkana.

Rammleg afgirðing tveggja deilda (A og B) virðist vera úreft fyrirkomulag. Það svaraði miklu betur til óska og þarfa nemenda, að þeim væri leyft að velja frjálst milli nokkurra námsgreina (svo sem latínu, stærðfræði, náttúrufraði o. fl.), sem samanlagt næmu ákveðnum kennslustundafjölda, t. d. 15. Mætti með litlum tilkostnaði auka mjög á fjölbreytni í menntun stúdenta.

Framhaldsdeild Kennaraskólans mun, eins og menntaskólunum, fyrst og fremst ætlað það hlutverk að húa fólk undir háskólanám. Að mínu áliti eiga þessir skólar einnig að gefa þeim fjölda nemenda, sem ekki vilja hefja sérfræðilegt nám, kost á alhliða menntun. Í ljósi þessa tel ég lofsvert, að í tillögunum er gert ráð fyrir nokkurri kennslu í félagsvísindum.

Virðingarfyllt,

Árni Vilhjálmsson,
deildarforseti.

Til rektors Háskóla Íslands.